

# Skólavarðan

KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS  
Vor 2018  
1. tbl.

AGNES GÚSTAFSDÓTTIR

*Mikilvægt að taka vel á  
móti nýjum starfsmanni*

18

ÞÓRÐUR ÁRNI HJALTESTED

*Sambandið þarf að vera  
í stöðugri þróun*

26

KATARZYNA RABĘDA

*324 börn og ungmenni  
eru í Pólska skólanum*

30



Sjá nánari upplýsingar á  
[chromebook.is](http://chromebook.is)

JEDD

chrome



## Við gefum 25 Chromebook

Tölvutek í samstarfi við Acer leitar að skóla sem hefur áhuga á að nota Chromebook fartölvur og Google for Education í skólaumhverfi. Á [chromebook.is](http://chromebook.is) er hægt að sjá nánari upplýsingar og senda inn umsókn.



# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900




## Efnisyfirlit

- 4 Leiðari
- 6 Nýtt fólk í forystusveit KÍ
- 8 Kennó og Magister vænta mikils af samstafi við Kennarasambandið
- 9 Samstarf um stefnuna „menntun fyrir alla“ heldur áfram
- 10 Málefnalegt þing KÍ haldið á vordögum
- 14 Það þarf að hlúa betur að kennurum
- 16 Nemendur vaxa, verða að eldflaugum!
- 18 Mikilvægt að taka vel á móti nýjum starfsmanni
- 22 Verðum að vera skapandi í öllu sem við gerum
- 26 Sambandið þarf að vera í stöðugri þróun
- 30 Skilningur í móðurmáli hjálpar við nám í heimaskóla
- 32 Skólarnir hafa styrk af hver öðrum
- 34 Röddin loks viðurkennd sem atvinnutæki
- 36 Nemendalýðræði í öndvegi í Kanada
- 38 Markmiðið að efla einstaklinginn eins og hann er – ekki breyta honum
- 40 Kjöttbollustríð geisar í dönsku skólakerfi
- 42 Þarf að breyta náminu aftur í fjögur ár
- 44 Starfsþróun leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar
- 46 Nema hvað!
- 48 Járnskarlar vekja athygli á starfi leikskólans
- 50 Gefa grunnskóla 25 fartölvur
- 51 KÍ á Instagram #kennarasamband
- 52 Náttúrufræðimenntun – nám fyrir grunnskólakennara
- 54 Hvað skal metið, hvenær og fyrir hvern?
- 56 Félaginn: Sveinlaug Sigurðardóttir
- 58 Krossgáta




### Það þarf að hlúa betur að kennurum

Sveinn Leó Bogason lýsir væntingum sínum til kennarastarfsins og það er skoðun hans að kennarastarfið sé þannig að kennaranám geti aldrei undirbúið kennara fyrir allt sem mun koma upp á í starfinu sjálfu. Hann dreymir um að vera kennari sem nemendur muna eftir.



### Nemendur vaxa, verða að eldflaugum!

Björgvin Ívar Guðbrandsson starfar í teymi kennara sem eru að innleiða nýja kennslu-hætti í Langholtsskóla. Verkefnið gengur út á samþættingu námsgreina og teymisvinnu kennara. Nemandinn lærir í auknum mæli að tileinka sér skapandi og gagnrýna hugsun.



### Verðum að vera skapandi í öllu sem við gerum

Lára Stefánsdóttir segir mikilvægt að skólastjórnmendur séu vakandi yfir velferð starfsfólksins en þá batnar kennslan og samskipti kennara og nemenda verða góð. Hún hlustar á öll sjónarmið, fær viðbrögð við hugmyndum og vinnur sig þannig að niðurstöðu.



### Skilningur í móðurmáli hjálpar við nám í heimaskóla

Katarzyna Rabęda bendir á að grundvöllur til að skilja málfræði í erlendum tungumálum sé að skilja hana rétt á móðurmáli viðkomandi og því er mikilvægt að læra móðurmálið vel. 324 börn og unglingar stunda nám við Pólska skólann.



### Nemendalýðræði í öndvegi í Kanada

Hópur kennara og skólastjóra sótti ráðstefnu í Kanada og heimsótti skóla með það að markmiði að efla tengsl og samstarf landanna. Athygli vakti hversu tilbúnir nemendur voru að ræða verkefni sín og gera grein fyrir þeim og var þetta óháð því á hvaða stigi nemendur voru í náminu.



Forsíðumyndin var tekin á 7. þingi KÍ í apríl 2018. Ljósmyndari: Anton Brink



Kennarasamband Íslands  
Kennarahúsinu  
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík  
Sími 595 1111  
Netfang: [utgafa@ki.is](mailto:utgafa@ki.is)  
[www.skolavardan.is](http://www.skolavardan.is)

Ritstjórar: Arndís Þorgeirsdóttir og Dagný Jónsdóttir  
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þór Pétursson  
Hönnun og umbrot: Þingir Þór Harðarson  
Prófkalestur: Urður Snædal  
Auglýsingar: Öflun  
Prentun: Oddi

# „Vjer verðum að bindast samtökum“



Ragnar Þór  
Pétursson  
formaður KÍ

„Það hefur lengi þótt finna að rækta fé en fólk á Íslandi.“

Margt er kennurum vitlausara en að lesa hundrað ára gamlar greinar um skólamála. Það getum við auðveldlega gert því Landsbókasafn Íslands hefur gert þær margar aðgengilegar á vef sínum. Prentmáli síðustu aldar hefur að verulegu leyti verið bjargað. Við slíkan lestur áttar maður sig fljótt á því að það sem hugsað er um menntamál í dag er, í öllum meginatriðum, það sama og hugsað var fyrir heilli öld.

„Það er auðvitað, að blaðið mun af fremsta megni styðja að umbótum að kjörum kennara. Það er einhver allra brýnasta nauðsynin. En kennurum má ekki heldur gleymast það, hverjar skyldur þeir hafa tekið á sig með því einu að gefa kost á sér í kennslu. Kjörin eru ill. En kennslan má ekki fara eftir kaupinu.“

Þetta skrifaði Jón Þórarinnsson fræðslumálastjóri í fyrsta leiðar- anum sem skrifaður var til kennara eftir að þjóðin varð fullvalda fyrir hundrað árum. Á öndverðri síðustu öld þótti fullkomlega eðlilegt að kennsla væri illa launuð. Hún fór fram á veturna og á veturna var vinnuafli ódýrt. Þetta er enda þjóðin sem hélt því fram fullum fetum, og gerir sumpart enn, að bókvitið verði ekki í askana látið. Þess vegna þurfti að brýna fyrir kennurum að virðingin fyrir starfinu kæmi að mestu leyti innanfrá.

Talandi um bókvit. Sjálft fullveldisárið sat íslenskur unglingur við skriftir og kláraði sína fyrstu skáldsögu. Hann átti eftir að verða heimsfrægur rithöfundur. Stolt þjóðar sinnar. Fyrsta skáldsagan fjallar um sterkefnaðan mann með rómantískar hugmyndir um dásamlegt brauðstrit í íslenskri sveit og stúlku sem elskar hann en vill að þau fari saman og rannsaki heiminn. Ástin sigrar í sögunni. Maðurinn elskar sveitina og stúlkan elskar manninn – og því gerast þau bændur og fara ekki neitt. Bónði er bústólpi – og bú er landstólpi.

Mig langar afar mikið að eyða hér nokkrum orðum í Stefán Hannesson sem fæddist í íslenskri sveit um miðjan mars árið 1876. Hann var sonur bláfátækra hjóna. Fram yfir fermingu var hann á sveitarframfæri. Honum var ekki ætlað að erfa bústofn eða jörð. Þess í stað tók hann ungur að sér kennslu barna í sveitinni. Það þótti ekki sérlega virðingarverð staða og launin voru ömurleg. Hann gafst þó ekki upp. Hann lauk nokkrum árum seinna kennaraprófi frá Flensborgarskólanum og kenndi sleitulaust fram á gamalsaldur.

Þegar Stefán Hannesson dó hafði hann skrifað fjölda greina um skólamála og kennslu. Margar þeirra eru afbragðsgóðar og nútímalegar með afbrigðum. Hann ferðaðist um og hélt erindi um skóla- og samfélagsmál. Hann talaði yfir forsetanum. Hann talaði í útvarpið. Hann fékk fálkaorðuna. Mestu skipti þó að hann hafði komið að námi fjölda barna sem mundu eftir honum sem hlýjum og

hugmyndaríkum kennara. Í endurminningum nemenda hans stóð skólahúsið ævinlega í bjarma þeirra fjölmörgu ævintýra sem Stefán hafði sagt þeim. Úti á vellinum fór hann í boltaleiki með börnunum og við hlið skólans lét hann þau rista stóra mynd af Íslandi með fjöllum og fossum og vötnum því kort voru takmörkuð – en ímyndunaraflið ekki.

Stefán ólst upp við basl en leyfði baslinu ekki að skilgreina sig eða smækka. Hann gekk til liðs við hina nýju stétt kennara. Með honum óx virðing stéttarinnar. Meðan hann var enn mjög ungur skrifaði hann magnaða hugvekju til starfssystkina sinna. Hann benti á að enginn væri annars bróðir þegar kæmi að skiptingu samfélags- gæðanna. Bændur myndu hugsa um landbúnaðinn og sjómenn um sjávarútveginn. Um kennara þyrftu kennarar sjálfir að hugsa.

„Vjer verðum að bindast samtökum,“ sagði hann. „Stofnum kennarafjelög um allt land, það er fyrsta sporið í áttina. [...] En vjer erum ekki komnir að takmarkinu! Þetta er aðeins spor í áttina. Það er engin trygging fyrir, að slík smáfjelög geti verndað rjett meðlima sinna. Til þess eru þau of fámenn, of veik, þess vegna þurfum vjer að mynda kennarasamband um land allt; það er næsta sporið. Smáfjelögin eiga að taka höndum saman, verða eitt stórt fjelag; þetta á ekki að verða einhverntíma heldur sem allra fyrst. Kennarasamband landsins á að taka þar við, sem orka kennarafjelaganna þrýtur. Það á að vera þeim til aðstoðar og verndar. [...] Krafturinn býr í sjálfum oss. Vjer þurfum aðeins að fá tækifæri til þess að nota hann, beita honum, verða samtaka, samhuga. Vjer þurfum að hittast að máli, hafa áhrif hvert á annað vekja öflin sem í oss leynast.“

Þegar Stefán Hannesson, einn af merkum frumkvöðlum íslenskrar kennarastéttar, dó titlaði Morgunblaðið hann bónda.

Það hefur lengi þótt finna að rækta fé en fólk á Íslandi.

Skólavarðan er Kennarasambandi Íslands dýrmæt. Í gegnum hana fær kennarastéttin tækifæri til að virkja þann kraft og þá orku sem í henni býr. Hún segir frá starfi okkar. Hún á að hafa áhrif á okkur og við á hana. Aðeins með faglegri samræðu getum við orðið samtaka og samhuga. Eftir önnur hundrað ár munu kennararnir sem þá eru uppi geta leitað í þennan sjód. Það er okkar að sjá til þess að hann sé jafn ríkulegur og sá sem skilinn var eftir handa okkur. Það er okkar að sjá til þess að virðing okkar fyrir starfinu og okkur sjálfum skíni þá í gegnum skrifin.

Mig langar að nota þetta tækifæri til að færa Stefáni Hannessyni kennara síðbúnar þakkir frá Kennarasambandi Íslands sem mun gera sitt allra besta til að standa undir því trausti sem hann bar til þess.





-10 KR.



Með KÍ dælulykli Atlantsolíu fá félagsmenn 10 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill 16 kr. afslátt. Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á [www.ki.is](http://www.ki.is)



# Nýtt fólk í forystusveit KÍ

Töluverðar breytingar hafa orðið og eru fyrirhugaðar í forystusveit Kennarasambandsins. Ragnar Þór Pétursson tók formlega við formennsku KÍ og Anna María Gunnarsdóttir við embætti varaformanns KÍ á 7. þingi KÍ sem fram fór í apríl. Fráfarandi formaður er Þórður Árni Hjaltsted og Aðalheiður Steingrimsdóttir lét af embætti varaformanns. Þórður og Aðalheiður gáfu ekki kost á sér til endurkjörs.

Formannskipti í Félagi grunnskólakennara verða á aðalfundi FG 18. maí næstkomandi. Þá tekur Þorgerður Laufey Diðriksdóttir við embætti formanns. Ólafur Loftsson lætur af embætti en hann gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Ekki liggur fyrir hver verður varaformaður félagsins en stjórn FG ákveður það á fyrsta fundi sínum.

Þá tekur Sigurður Sigurjónsson formlega við embætti formanns Félags stjórnenda leikskóla á aðalfundi félagsins í maí. Sigurður hefur verið starfandi formaður um langt skeið og var sjálfkjörinn í nóvember á síðasta ári en Ingibjörg Kristleifsdóttir fráfarandi formaður gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Formannsskipti urðu í Skólastjórafélagi Íslands 1. desember síðastliðinn þegar Þorsteinn Sæberg tók við embætti af Svanhildi Maríu Ólafsdóttur.

Haraldur Freyr Gíslason var fyrr á



Ragnar Þór Pétursson og Anna María Gunnarsdóttir voru formlega sett í embætti formanns og varaformanns KÍ á nýafstöðnu þingi Kennarasambandsins.

árinu sjálfkjörinn sem formaður Félags leikskólakennara og Guðríður Arnardóttir var endurkjörin formaður Félags framhaldsskólakennara. Sigrún Grendal er formaður Félags kennara og stjórnenda í

tónlistarskólum en aðalfundur félagsins fer fram í haust.

Kjörtímabil formanna og varaformanna KÍ og aðildarfélaga er fjögur ár eða til ársins 2022.

## Handbókin hættir að koma út

Tillaga um að hætta útgáfu Handbókar kennara var samþykkt á 7. þingi KÍ sem fram fór í síðasta mánuði. Heit umræða var um málið á þinginu og skipar skoðanir um ágæti handbókarinnar. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með naumum meirihluta. Þar með lýkur áralangri útgáfusögu en handbókin hefur verið gefin út samfelt frá árinu 1989.

Jafnframt var samþykkt á þinginu að hætta prentun Ferðablaðs Orlofssjóðs KÍ. Ferðablaðið kemur þó áfram út en verður í rafrænu formi. Umfjöllun tengd handbókinni er á síðu 38.




## Ekkert plast utan um Skólavörðuna

Líkt og lesendur Skólavörðunnar hafa tekið eftir er hún ekki send út í plastumbúðum nú í fyrsta skipti. Kennarasambandið leitar ávallt leiða til að draga út notkun á efnum sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið og prentar blaðið hjá umhverfsvottaðri prentsmiðju. Á þingi KÍ var samþykkt að móta stefnu um aðkomu og hlutverk kennara og KÍ í áætlun Sameinuðu þjóðanna um heimsmarkmiðin 17 um sjálfbæra þróun og eru þar umhverfismálin fyrirferðarmikil.



# SUMARIÐ ER TÍMINN



## Verður fríið ógleymanlegt?

Það er fátt sem kórónar sumarfríið eins og skemmtileg utanlandsferð. Að verma sig í sólinni og slaka á með sínu uppáhalds fólki. Að stækka sjóndeildarhringinn og skapa góðar minningar sem lifa áfram lengi eftir að heim er komið. Með fjölbreyttum áfangastöðum okkar er öruggt að sumarfrí drauma þinna er aldrei langt undan.



# Kennó og Magister vænta mikils af samstarfi við Kennarasambandið

Kennarasamband Íslands og félag kennaranema við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands hafa ákveðið að koma á formlegum samstarfsvettvangi KÍ og stjórn félaga kennaranema um ýmiss konar málefni og að efla almenn tengsl og upplýsingamiðlun KÍ og kennaranema. KÍ og kennaranemafélagin tvö undirrituðu samstarfsfirlýsingu þessa efnis undir lok síðasta árs.

Í samstarfsfirlýsingunni segir að KÍ og stjórnir félaga kennaranema muni halda reglubundna samræðufundi um sameiginleg hagsmunamál sem varða kennaranámið og kennarastarfið, mál sem eru efst á baugi hjá nemum og KÍ o.fl. Til að koma á skýrum farvegi fyrir skilvirk og stöðug tengsl og samstarf eru aðilar sammála um að nauðsynlegt sé að KÍ og stjórnir kennaranemafélaga hafi sér ákveðna tengiliði til að fylgja málum eftir á sínum vettvangi og koma upplýsingum áfram.

Formenn kennaranemafélaganna lýsa báðir ánægju með komandi samstarf við KÍ. „Þetta er spennandi samstarf því ég tel að það muni gagnast öllum og sambandið milli höfuðstöðvanna og grasrótar eflist til muna,“ segir Andri Rafn Ottesen, formaður Kennó – kennaranemafélagsins í HÍ.

Sólveig María Árnadóttir, formaður



Andri Már Ottesen, formaður Kennó, og Sólveig María Árnadóttir, formaður Magisters.

Magisters – kennaranemafélagsins í HA, tekur í svipaðan streng. „Ég vænti þess að samstarfið geri það að verkum að kennaraefni mæti tilbúnari og upplýstari verðandi sín réttindi þegar tekið er til starfa.“

„Með þessari samstarfsfirlýsingu fer KÍ að fordæmi systursamtaka sinna á hinum Norðurlöndunum en þar er áralöng hefð fyrir formlegum tengslum og samstarfi þeirra og kennaranema. Öll kennarasamtök

þurfa að hugsa um framtíðina og ein af bestu aðferðunum við það er að leggja áherslu á að treysta sem best tengslin við verðandi kennara, samstarf um mikilvæg sameiginleg hagsmunamál, kennaranámið og kennarastarfið, og að verðandi kennarar kynnist og taki þátt í starfi KÍ. Við væntum mikils af þessu samstarfi og hlökkum til þess,“ segir Aðalheiður Steingrimsdóttir, fv. varaformaður KÍ.

## Endurbótum lokið í tveimur íbúðum

Endurbótum á íbúðum 1 og 2 í húsi Orlofs-sjóðs KÍ við Sóleyjargötu 25 lýkur innan skamms. Íbúðirnar voru teknar rækilega í gegn og einnig hefur verið unnið að miklum endurbótum og viðhaldi á húsinu öllu. Þess er skammt að bíða að þessar íbúðir verði í boði fyrir félagi í KÍ. Íbúð 1 er stúdíóíbúð með svefnplássi fyrir fjóra og íbúð 2 er með einu svefnbergi og svefnplássi.

Stefnt er að því að viðgerðir á þaki og viðhald utanhúss að Sóleyjargötu 25 haldi áfram næsta haust.

## Hver er þinn uppáhalds kennari?

Landsmenn allir eru hvattir til að senda inn tilnefningar um góða kennara. Mennta-vísindasvið Háskóla Íslands stendur fyrir átaksverkefningu Hafðu áhrif og hluti af því er að velja kennara sem hafa haft mest áhrif á nemendur. Markmiðið er að vekja athygli þjófárinna á kennarastarfinu; hversu áhugavert og skemmtilegt það er og hversu mikil áhrif kennarar hafa á einstaklinga og samfélag.

Á heimasíðu Hafðu áhrif er hægt að senda inn tilnefningar en niðurstöður verða kynntar við hátíðlega athöfn í



Háskóla Íslands þann 6. júní nk. Dæmi um heimsfræga kennara eru Albert Einstein, Bill Clinton, Isaac Newton, Noam Chomsky og Vigdís Finnbogadóttir.





Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður KÍ, Karl Björnsson, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra, Þór Þórarinnsson, frá velferðarráðuneytinu, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, frá Heimili og skóla, og Olga Lísu Garðarsdóttir, frá Skólameistarafélagi Íslands.

## Samstarf um menntun fyrir alla heldur áfram

Yfirlýsing þar sem áframhaldandi samstarfi ríkis og og sveitarfélaga og hagsmunaaðila skólasamfélagsins um skólastefnuna „menntun fyrir alla“ var undirrituð í Ráðherrabústaðnum um miðjan apríl.

Anna María Gunnarsdóttir, nýr

varaformaður KÍ, skrifaði undir yfirlýsinguna fyrir hönd Kennarasambandsins og var það hennar fyrsta embættisverk sem varaformaður. Í stýrihópi um stefnuna sitja auk fulltrúa KÍ fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis,

samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skólameistarafélags Íslands og Heimilis og skóla.

Yfirgripsmikill og fróðlegur vefur, [www.mentunfyriralla.is](http://www.mentunfyriralla.is), hefur verið settur í loftið og er hægt að kynna sér alla anga málsins þar.

**Ath. Meðalfellsvatn var að bætast við!**

[www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)

# Eitt kort 35 vötn 7.900 kr

Frelsi til að veiða!

[www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)

00000

NÝTTU ÞÉR SÉRKJÖR  
Á ORLOFSVEF!



# MÁLEFNALEGT ÞING KÍ HALDIÐ Á VORDÖGUM

Á þriðja hundrað fulltrúa á 7. þingi Kennarasambands Íslands tók þátt í þingstörfum og afgreiddi mál til stefnumótunar næstu fjögur árin. Góður andi var á þinginu en einnig spenna í loftinu, en það var samheldinn hópur sem fór heim að þinginu loknu. Ný forysta KÍ tók við, þau Ragnar Þór Pétursson formaður og Anna María Gunnarsdóttir varaformaður. Atkvæðagreiðslur um mál voru oft og tíðum spennandi og dæmi voru um mál sem voru felld á jöfnu. Á vefsíðu KÍ er að finna allar samþykktir frá þinginu en hér er stuttur útdráttur nokkurra málaflokka. Listinn er langt í frá tæmandi og félagsmenn því hvattir til að kynna sér stefnu sambandsins til næstu fjögurra ára.

## Ályktun um skólamál

Skóli og menntun á að vera fyrir alla nemendur og markmið laga um skólastigin og aðalnámskráa var að setja hagsmuni nemenda í forgrunn; menntun, þroska, farsæld og skólagöngu. Þingið telur margt vera ógert við að koma lögum og aðalnámskrám í framkvæmd. Einnig vantar mikið upp á það hér á landi að kennarastarfið

sé metið að verðleikum en samtímis greina viðhorfskannanir frá mikilvægi menntunar og menntakerfisins fyrir framtíð einstaklinga og samfélags. Áhersla er lögð á að skapa einhug um gæði menntunar og efla samvinnu um menntamál á Íslandi. Ályktunin er yfirgripsmikil og eru félagsmenn KÍ hvattir til að kynna sér hana.

## Millipinganefnd um skipulag, starfsemi og rekstur

Skipuð verði millipinganefnd sem fer yfir og endurskoðar skipulag, starfsemi og rekstur KÍ með hliðsjón af úttekt Capacent 2015 og könnun 2014 á viðhorfum félagsmanna til þjónustu og

starfsemi KÍ og aðildarfélaga. Nefndin komi með tillögur um breytingar á grundvelli þessara atriða. Stjórn KÍ mun boða til aukapings á árinu 2020 um lokaskýrslu nefndarinnar.



## Ályktun um öryggi og tryggingar kennara vegna ábyrgðar þeirra á nemendum

Kallað er eftir því að rekstrar- aðilar menntastofnana gangist við þeirri ábyrgð sem vinnuveitandi ber á starfsmönnum og nemendum skóla. Félagsmenn KÍ hafna því að bera persónulega

ábyrgð á slysum og tjóni sem nemendur verða fyrir. Vinnu- umhverfisnefnd skuli leita eftir lögfræðiáliti varðandi ábyrgð og tryggingar við ýmsar starfs- aðstæður félagsmanna KÍ.

## Ályktun um laun kennara

Skorað er á ríki og sveitar- félög að gera laun kennara samkeppnisfær við laun annarra sérfræðinga á opinberum og

almennum markaði. Stórsókn í menntamálum er orðin tóm nema laun kennara verði gerð samkeppnishæf.

## Ályktun um verkferla vegna kynferðislegs áreitiss, ofbeldis og mismununar

Útbúa skal verkferla vegna til- kynninga um kynferðislegt áreiti, kynferðisofbeldi og kynbundna

mismunun gegn félögum og starfsfólki KÍ. Verkferlarnir skulu kynntir vel og vera aðgengilegir.

## Samþykkt um stöðu íslenskrar tungu í skólakerfi og samfélagi

Skorað er á Alþingi og stjórnvöld að tryggja stöðu íslenskrar tungu í skólakerfi og samfélagi. Staða íslenskrar tungu er brothætt og snúa þarf vörn í sókn. Að verki eru miklar og hraðar samfélags- og tæknibreytingar sem hafa viðtæk áhrif á flestum sviðum mannlífsins og áhrif enskunnar á íslenskt málumhverfi eru meiri og viðtækari en nokkru sinni. Þingið leggur til aðgerðir

til að styrkja stöðu íslenskrar tungu og eru þær m.a. að efla stöðu Íslenskrar málnefndar, hvetja foreldra/forráðamenn og kennara til að lesa fyrir börn, auka framboð á náms- og kennsluefni á íslensku, afnema virðisaukaskatt á bækur, efla skólabókasófn og tryggja skólum ókeypis aðgang að íslensku efni sem er framleitt með stuðningi ríkisins.

## Samþykkt gegn markaðsvæðingu menntunar

Menntun er á ábyrgð hins opin- bera og opinberir fjármunir eiga að koma nemendum til góða. Einkavæðing, markaðsvæðing í menntakerfinu og samkeppni í velferðarþjónustu veikir jöfnuð í menntun, jafnræði til náms og minnkar opinber áhrif á mennta- kerfið í gegnum lýðræðislega kjörnar stofnanir. Þingið áréttar að félagslegt mikilvægi

menntunar fyrir einstaklinga og samfélag geri þær kröfur til stjórnvalda að vernda mennta- kerfið gegn áhrifum einkavæð- ingar og útvistun verkefna til einkaaðila. Þing KÍ leggur áherslu á að menntun eigi að vera aðgengileg öllum, innihald menntunar og faglegt starf eigi ekki að einkavæða og auka þurfi eftirlit með einkareknum skólum.

## Ályktun um raddheilsu kennara

Þing KÍ lýsir yfir áhyggjum vegna versnandi raddheilsu kennara en röddin er vinnutæki þeirra og mikilvægt að vinnu- aðstæður taki mið af verndun hennar. Skorað er á ríki,

sveitarfélög og aðra rekstrar- aðila skóla í samvinnu við KÍ að taka höndum saman og hrinda í framkvæmd aðgerðum sem stuðla að verndun raddar kennara á öllum skólástigum.

## Skólastefna

Menntun er mannréttindi og almannahagur og ein mikilvæg- asta grunnstoðin í velferðar- kerfinu. Góð menntun stuðlar að persónulegri og faglegri þróun einstaklinga og að félagslegri, menningarlegri, efnahagslegri

og stjórnmalalegri þróun samfélagsins í heild. Menntun stuðlar að friði, lýðræði, sköpun, samstöðu, félagslegri samheldni og skuldbindingu við sjálfbæra þróun og skilningi milli þjóða og menningarsvæða.



## Samþykkt um að hætta útgáfu handbókar

Þing KÍ samþykkti að hætta útgáfu handbókar kennara. Samþykktin byggir á könnun sem gerð var árið 2014 og

sýndi að stór hluti félagsmanna notar handbókina ekki. Bæði fjárhagsleg og umhverfisleg rök studdu tillöguna.







Þingfulltrúar á 7. Þingi KÍ þökkðu þessum fulltrúum fyrir vel unnin störf í þágu sambandsins en þau láta af eða hafa látið af sínum embættum nú í vor. Þetta eru frá vinstri, Ólafur Loftsson formaður FG, Ingibjörg Kristleifsdóttir formaður FSL, Aðalheiður Steingrímisdóttir, fv. varaformaður KÍ og Þórhur Á. Hjaltsted, fv. formaður KÍ.



Á þriðja hundrað fulltrúa tók þátt í í þingstörfum og afgreiddi mál til stefnumótunar næstu fjögur árin.



Sveinn Leó Bogason.  
„Einnig finnst mér ég einhvern veginn hafa meira sjálfstraust til þess að fara út fyrir rammann og prófa nýja hluti.“

# ÞAÐ ÞARF AÐ HLÚA BETUR AÐ KENNURUM

Sveinn Leó Bogason útskrifaðist frá Kennaradeild Háskóla Íslands í fyrravor og hefur í vetur starfað sem kennari á miðstigi við Glerárskóla.

**Texti og myndir: Svava Jónsdóttir**

„Væntingar mínar til námsins voru í upphafi frekar litlar. Ég vissi eiginlega ekki alveg hvað ég væri að fara út í. Svo þegar leið á árin jukust væntingar mínar meira og meira og ég myndi segja að ég hafi búist við því að kennaradeildin myndi undirbúa mig fyrir að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem kennarar mæta daglega,“ segir Sveinn Leó. „Kennarastarfið er einfaldlega þannig að nám getur aldrei undirbúið kennara fyrir allt sem mun koma upp á í starfinu sjálfu.“

Sveinn Leó Bogason ólst upp á Akureyri og flutti til Reykjavíkur ásamt móður sinni árið 2006. Hann fór í Menntaskólann við Sund og þaðan í Háskóla Íslands en hóf nám í hagfræði haustið 2011. Hann ákvað hins vegar vorið 2012 að fara í kennaranám og hóf það nám um haustið við kennaradeild

Háskóla Íslands og lagði áherslu á stærðfræðikennslu.

„Það sem heillaði mig við kennarastarfið var hversu lifandi og aktívt það er. Það og að vinna með fólki var eitthvað sem heillaði mig töluvert meira en að sitja fyrir framan tölvuskjá allan daginn. Ég get ekki sagt að þetta hafi verið draumur lengi en ég hafði alveg hugsað til þess.“

## Væntingarnar jukust

Sveinn Leó segir að væntingar sínar til námsins hafi í upphafi verið frekar litlar.

„Ég vissi eiginlega ekki alveg hvað ég væri að fara út í. Svo þegar leið á árin jukust væntingar mínar meira og meira. Ég myndi segja að ég hafi búist við því að kennaradeildin myndi undirbúa mig fyrir

að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem kennarar mæta daglega og gefa mér innsýn í það hvað felst í starfi kennara ásamt því að gera mig ekki eingöngu í stakk búinn að tækla þau viðfangsefni sem fengist er við innan stærðfræðinnar, fræðigreinar minnar, heldur einnig að vera vel að mér um til hvers er ætlast til af nemendum á hverju stigi skólagaöngunnar.“

## Stærðfræði á unglíngastigi

Sveinn Leó vildi helst kenna á unglíngastigi. „Það er einfaldlega vegna þess að mér þykir skemmtilegast að vinna með unglíngum og finnst það stærðfræðinám sem fer fram á unglíngastigi áhugaverðara en á öðrum stíngum. Einnig hafði ég sérhæft mig að unglíngstíngskennslu í náminu. Lítið var um



## Mig dreymir um að vera sá kennari sem nemendur muna eftir frá skólaárum sínum.

stærðfræðikennarastöður á Akureyri en ég var einnig tilbúinn að kenna á miðstigi í skóla þar sem ég sá fram á að fá tækifæri til að kenna stærðfræði á unglingsstigi. Ég leit á það sem þrep á leið minni í starfið sem mig dreymir um og að ef ég myndi standa mig vel í því starfi fengi ég tækifærið fyrir en seinna.“

### Kennari á miðstigi

Hann fékk vinnu sem umsjónarkennari á miðstigi, sem og stærðfræðikennari á sama stigi, í Glerárskóla og flutti norður eftir útskrift í fyrra og segist hann kunna vel við sig.

„Þegar kom að skólasetningu var ég frekar spenntur en stressaður. Auðvitað var smástress því ég vissi ekkert í hvað ég var kominn. Allt í einu var ég orðinn umsjónarkennari á miðstigi þó ég hefði aldrei farið í vettvangsnám á öðrum stigum en unglingsstigi og fannst ég einhvern veginn ekki þekkja þann heim. Það var samt mikil tilhlökkun og ég var í raun staðráðinn í að standa mig vel. Hins vegar var ég örlítið órólegur með að fara að kenna greinar sem ég hafði ekki kennt áður og hafði jafnvel aldrei lesið mér til um hluta þeirra í aðalnámsskrá grunnskóla. Svo þegar nemendur ásamt foreldrum voru komnir inn í stofuna og sestir í sætin þá leið mér bara frekar vel og var spenntur. Það var í raun ekkert sem kom á óvart nema kannski hvað allir voru eitthvað spenntir að fá nýjan, tiltölulega ungan kennara.“

### Mætti laga ýmsa þætti

Sveinn Leó segir að kennarastarfið sé einfaldlega þannig að kennaranám geti aldrei undirbúið kennara fyrir allt sem mun koma upp á í starfinu sjálfu.

„Það er að mínu mati hluti af ástæðunni fyrir því að starfið er skemmtilegt en það gerir það líka að verkum að kennaranámið verður að einhverju leyti ekki fullnægjandi til þess að undirbúa verðandi kennara til að sinna starfinu. Kennaranám getur hins vegar boðið nemendum upp á að sjá hversu fjölbreytt og margbreytilegt kennarastarfið er og ég tel að kennaradeild Háskóla Íslands hafi gert það nokkuð vel.

Vissulega eru þættir sem mætti laga og til dæmis held ég að kandiáttarsár þar sem nemendur fá einfaldlega að vinna sem kennarar í heilt ár sé risastórt skref í þá átt að bæta kennaranámið. Hvað agamál varðar eru mismunandi skólar með mismunandi leiðir til að taka á slíkum málum, hversu alvarleg sem

þau eru, svo erfitt getur reynst fyrir Kennaradeild Háskóla Íslands að fara yfir allar þær mismunandi leiðir. Hið sama má segja um eineltismál, foreldrasamskipti og margt fleira. Kennaranámið verður að gefa nemendum tækifæri til að átta sig á því að hlutunum er háttáð á mismunandi vegu og að það sé að mörgu leyti undir kennurunum sjálfum komið að bregðast við slíkum aðstæðum.

Svo er vert að taka það fram að með sterkri stjórnun skólastjórnenda eiga nýútskrifaðir kennarar að geta leitað til þeirra og fengið ráð ef eitthvað kemur upp á. Í mínu tilfelli er ég til að mynda ævinlega þakklátur fyrir þær móttökur sem ég hef fengið á mínum vinnustað. Þar virðast allir vilja róa í sömu átt og hjálpast að við þau mál sem koma upp á borð. Hvort sem það eru skólastjórnendur, ritari skólans eða samkennarar hef ég alltaf getað leitað til þeirra og fengið ráð, alveg sama hvort er til dæmis um agamál að ræða eða einfaldlega hvernig hægt er að setja upp verkefni eða skrá í Mentor.“

### Aukið sjálftraust

Sveinn Leó segir að hann sé nú miklu meðvitandi um það starf sem fer fram innan skólans en þegar hann hóf þar starf og nefnir agamál og samskipti við foreldra sem dæmi.

„Einnig finnst mér ég einhvern veginn hafa meira sjálftraust til að fara út fyrir rammann og prófa nýja hluti. Starfsþróunin felst kannski að einhverju leyti í því að hafa meiri trú á sjálfum sér og vera þar með frekar tilbúinn að prófa nýja hluti.“

Hann segir að ef eitthvað hafi komið sér á óvart í kennslunni sé það helst hversu sterk skólamenning getur verið. „Ég tel það jákvætt að skólar eigi sínar hefðir sem þeir viðhalda eftir bestu getu. Einnig get ég nefnt hversu takmarkaður undirbúningsstími kennara getur verið og tel ég að það ætti að vera ofarlega í forgangs röðun þeirra sem semja fyrir hönd kennara í komandi kjaradeilum að auka þann tíma eins mikið og mögulegt er.

Mig langar líka að nefna úrræðaleysi fyrir þá nemendur sem þrífast illa inni í 24 manna bekk. Það kom mér örlítið á óvart hversu fá úrræði eru oft og tíðum fyrir þá nemendur og hvernig kennarar standa stundum einir á báti hvað þá varðar.“

### Stærðfræði

Þegar Sveinn Leó er beðinn um að lýsa sér sem kennara segir hann: „Áhugasamur,

skemmtilegur, fyndinn og uppátækjasamur.“

Hver eru svo framtíðarsýn og markmið hans sem kennara?

„Framtíðarsýn mín og markmið eru að mörgu leyti þau að verða kennari sem er ekki sama um nemendur sína og hefur áhuga á því sem hann er að gera. Mig dreymir um að vera sá kennari sem nemendur muna eftir frá skólaárum sínum. Með það að leidarljósi langar mig að vera kennari sem þorir að fara öðruvísi leiðir til að ná markmiðum sínum og vekja áhuga nemenda. Áhugi á námi, og þá sérstaklega stærðfræði, er mér mjög hugleikinn og mig langar að reyna að vekja áhuga nemenda minna á stærðfræði og hversu frábær, skemmtileg og frumleg fræðigrein hún er í raun og veru.“

### Mætti bæta þjónustu

Sveinn Leó segir að ýmislegt megi bæta í skólakerfinu.

„Það mætti bæta þá þjónustu sem er í boði fyrir nemendur sem eru á sitt hvorum enda hins akademíska litrófs; það er nemendur sem ætla sér ekki að stefna á bóklegt framhaldsnám og eru ekki sterkir í bóknaði og þá nemendur sem standa öðrum framar og teljast til afburðanemenda. Við verðum að haga hlutunum þannig að þessir nemendur fái tækifæri til að að blómstra á sínum eigin grundvelli án þess þó að gleyma þeim sem á milli þeirra eru. Einnig mættum við hlúa betur að kennurum svo þeir endist betur og lengur í starfi. Svo mætti skólakerfið einnig vera töluvert betur stadd hvað tæknilegar hliðar varðar; að skólar fái fjármagn til að geta fjárfest í tölvum, spjaldtölvum, snúrum og öðrum tæknibúnaði sem gerir þeim kleift að sinna þeirri vinnu sem þeim er skylt að gera. Það á einnig við um viðhald og stjórnun á þeim hlutum sem gæti meðal annars verið í formi þess að hver skóli fengi fjármagn til að vera með tölvu- eða tækniumsjónarmann í fullu starfi.“



# Nemendur vaxa, verða að eldflaugum!

*Smíðjan í Langholtsskóla er verkefni sem gengur út á að samþætta námsgreinar og auka samstarf á milli nemenda og kennara í náminu. Lögð er áhersla á lykilhæfni og sköpun í gegnum öll verkefnin. Nemendur finna að þeir eru að glíma við raunveruleg verkefni og að þeir hafa eitthvað um verkefnin að segja.*

Námsgreinarnar sem eru undir eru íslenska, náttúrufræði og samfélagsgreinar og upplýsingatæknin er nýtt í gegnum allt ferlið hjá nemendum. Mikil áhersla er á ritun og fjölbreytta notkun íslenskunnar í allri vinnunni. Þetta er fyrsti veturinn sem verkefnið fer formlega í gang og taka níundi og tíundi bekkur þátt. Þeir tímar sem áður voru merktir sem íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði í stundatöflu eru nú undir heitinu Smíðja og telja 15 tíma á viku. Inn í þetta bætast tímar sem voru bundið val áður. Verkefnið í heild sinni ber nafnið Smíðja í skapandi skólastarfi en orðið *Sprellifix* er notað yfir þembundnu loturnar sem námið fer fram í. Erfitt er að útskýra orðið sjálf en það hefur sérstaka merkingu fyrir alla þá sem koma að Smíðjunni.

Kennararnir vildu nota nýtt orð sem hefði ekki fyrir fram gefið gildi í skólastarfi. Þeir vildu t.d. hvorki nota orðin þema eða lota enda hefur Sprellifix merkingu sem inniheldur hvort tveggja og meira til. Sprellifix er tveggja til fjögurra vikna lota þar sem unnið er eftir ákveðnu þema. Nú á vordögum eru nemendur að vinna í Sprellifixinu stuð, stuð, stuð í 10. bekk þar sem þemað er rafmagn og hljóð og fókusinn er í grunninn á eðlisfræðipáttinn þó að samfélag, hönnun og listir fléttist þar inn. Í níunda bekk er í Sprellifixinu heimsyfirráð eða dauði með áherslu á síðari heimsstyrjöldina. Út frá þessum þemum eru unnin fjölbreytt verkefni, rannsóknir og tilraunir sem hjálfa ýmsa og ólíka færni.

Björgvin Ívar Guðbrandsson, kennari í Langholtsskóla, er hluti af teymi kennara ásamt Hjalta Halldórssyni, Söndru Ýr Andrésdóttur og Dögg Láru Sigurgeirsdóttur sem eru að innleiða nýja kennsluhætti undir heitinu Smíðja. Björgvin var í viðtali við Skólavörðuna fyrir fimm árum þar sem hann fjallaði um tengsl sköpunar og upplýsingatækni í Langholtsskóla. Á þessum



Björgvin Ívar Guðbrandsson, kennari í Langholtsskóla, notar nýjustu tækni við kennslu í Sprellifixi. Þar er upplýsingatæknin tekin inn í aðrar námsgreinar og lykillinn að þeirri vinnu er að nemendur hafi góðan aðgang að nýjustu tækni.

Námsmatið er þannig að nemandinn fær svokallað hæfnikort sem hann getur fylgst með í Mentor og þar fær hann ítarlega greiningu á stöðu sinni í náminu. Hann getur þá ávallt bætt sig í ákveðnum flokkum.

fimm árum hefur þróunin orðið mikil og í raun má segja að skipulagið í dag sé spröttið úr vinnunni sem fjallað var um þá, þeirri vinnu sem farið hefur fram í skólanum við innleiðingu á nýrri námskrá og nýju námsmati og öðrum verkefnum sem aðrir kennarar við Langholtsskóla hafa þróað og sett í gang og hafa á einn eða annan hátt gengið út á samþættingu námsgreina og teymisvinnu kennara. Í Smíðju er þetta allt sett saman í einn heildarpakka.

Fyrir fimm árum lagði Björgvin áherslu á að nýta upplýsingatækni í kennslu og láta hana renna saman við annað nám. Í dag er upplýsingatæknin tekin inn í aðrar námsgreinar og lykillinn að þeirri vinnu er að nemendur hafi góðan aðgang að nýjustu

tækni. Nemendur í níunda og tíunda bekk í Langholtsskóla eru allir með iPad og á næsta ári verður öll unglingadeildin komin með þá. Allt er rafrænt í Smíðju og kennslukerfið er Google Classroom en í því eru verkefnin lögð fyrir og þeim skilað.

## Nemandinn temji sér skapandi og gagnrýna hugsun

„Um er að ræða verkefnatengda nálgun en hvert Sprellifix nær yfir 2-4 vikur. Nemendur fá ákveðinn fjölda skylduverkefna en einnig útbúa kennarar 15-20 valverkefni og þurfa nemendur að velja að lágmarki tvö þeirra. Í vinnunni er áhersla lögð á að nemandinn öðlist skilning á þeim hugtökum og þeim efnisatriðum sem liggja fyrir og

vinni fjölbreytt verkefni. Verkefnin reyna á lausnamiðaða nálgun, öflun upplýsinga, úrvinnslu og miðlun. Áhersla er lögð á að nota fjölbreytta verkferla í vinnunni t.d. við greiningu og notkun heimilda, við rannsóknir og hönnun, í samvinnu og umræðum og við þá fjölbreyttu miðlun sem á sér stað. Nemendur voru í einni lotunni að vinna með erfðafræði. Þá var farið í heimsókn í Íslenska erfðagreiningu og einhverjir nemendur höfðu sjálfir samband við sérfræðinga, spurðu spurninga og öfluðu sér þannig upplýsinga um efnið og lærðu að leita nýrra leiða í heimildaleit. Reynslan af Sprellifixum er mjög jákvæð. Nemendur hafa fleiri tíma í vikunni til að vinna verkefnin en tímabilin eru styttri, áður var kannski verið að vinna í mörgum verkefnum og ótengdu efni undir mismunandi námsgreinum á sama tíma. Nú starfa nemendur að einu verkefni sem tengist ákveðnu efni og vinnan verður mun markvissari. Í hverju Sprellifixi reynum við að virkja tengingar milli sviða og sem dæmi má nefna að þegar lotan fjallar um erfðafræði er kvikmynd um efnið undir í bókmenntum og fókusinn er ekki bara á erfðafræði eins og hún kemur fyrir í náttúrufræði heldur líka áhrif erfðatækni á samfélagið og þær siðferðilegu spurningar sem vakna.“ segir Björgvin.

Björgvin vísar í mynd af heildarferlinu og útskýrir hana: „Markmiðið er að allir þessir þættir skili sér hjá nemendum. Hæfniviðmiði úr aðalnámskrá eru metin beint og öll verkefni skipta jafn miklu máli, allt ferlið telur. Mikið er lagt upp úr að nemandi temji sér skapandi og gagnrýna hugsun, að hann geti tjáð sig og miðlað upplýsingum. Í þessu námi eru engin takmörk. Nemandinn hefur alltaf svigrúm til að taka verkefni lengra og í þá átt sem hann vill. Hann sér kannski nýjan vinkel á efninu og vinnur það áfram í samvinnu við kennarana. Einhverjir hafa haft áhyggjur af því að námsefnið skili sér ekki en þær áhyggjur eru óþarfar. Þau hugtök sem nemandinn þarf að þekkja eru listuð upp og það er ekki hægt að þjálfra upp hæfni nemenda nema byggja vinnuna á góðum grunni, efninu sjálfu. Umræðan og viðbrögð við þessari nýju námsleið hafa verið mjög jákvæð og ég get sagt að margir nemendur hafi tileinkað sér hugarfar sigurvegarans – að gera ávallt sitt besta miðað við tímann sem í boði er.“



Heildarferlið í hverju Sprellifixi en markmiðið er að allir þessir þættir skili sér inn í nám nemenda.



Nemendur skilgreindu hvað felst í rannsókn og settu upp á myndrænan hátt.

### Sér stundatöfluna hverfa

Smíðjan er tilraunaverkefni til þriggja ára en nú þegar er mikil vinna að baki sem snýr t.d. að því að búa til verkefni og verkefnahefti. „Við kennararnir sjáum nemendur vaxa, vera eins og eldflaugar. Það eru engin takmörk, ekkert þak og það er stórkostlegt að sjá hvað sumir nemendur eru nýta sér það. Framtíðarsýnin mín er heildstæður vinnudagur þar sem allar námsgreinar eru inni í Smíðju. Við getum með þessu móti þjálfað nemendur á fjölbreyttan hátt og þurfum ekki að vera eins föst við greinarnar. Stundataflan myndi hverfa en einn af göllunum við hana er sá að það er erfitt að bæta nýjungum við og þróa skólasterfið ef við ætlum alltaf að búa til nýja námsgrein inn í 40 mínútna tímaskipulag þegar eitthvað nýtt verður mikilvægt.

Skóladaurinn væri líkt og vinnudagur

Við erum að búa nemandann undir að vera stafrænn borgari. Við kennum nemendum að virða siðferði við notkun tækja og miðla.

sem hægt er að þróa með samfélaginu, þó hann byggji á námskrá þar sem grunnefnið er alltaf til staðar. Með þessari aðferð öðlast nemendur mun meiri færni til framtíðar að mínu mati,“ segir Björgvin og fróðlegt verður að fylgjast með hvar þetta verkefni verður stutt eftir fimm ár.

# Mikilvægt að taka vel á móti nýjum starfsmanni

*Agnes Gústafsdóttir, sem stundar meistaranám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hélt í vetur erindi á morgunverðarfundi RannUng sem vakti mikla athygli. Hún talaði um nauðsyn þess að tekið væri vel á móti nýjum starfsmanni sem hæfi störf í leikskóla.*

Agnes Gústafsdóttir stundar meistaranám í leikskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og stefnir auk þess á að fá kennsluréttindi á yngsta stigi í grunnskóla.

Hún byrjaði að vinna sem leiðbeinandi í leikskóla þegar hún var 18 ára og ætlaði að taka sér hlé frá menntaskólanámi í hálf tveimur árum en hún vann á leikskólanum lengur en hún hafði ætlað sér, eða í níu ár með hléum.

„Ég var svo ótrúlega heppin að lenda á svona frábærum vinnustað. Það tók á móti mér yndislegt fagfólk sem gjörsamlega heillaði mig upp úr skónum þannig að ég staldraði lengur við. Starfsfólkið lagði svo mikið upp úr því að hafa faglegt og flott starf og það bar svo mikla virðingu fyrir leikskólastarfinu. Mér varð strax í atvinnuviðtalinu ljóst hversu mikilvægt og ábyrgðarmikið þetta starf er. Ég fékk mikla fræðslu þegar ég byrjaði, mikið aðhald og umræður voru miklar. Svo fann ég strax að yfirmenn mínir fóru að leita eftir styrkleikum mínum; taka eftir í hverju ég væri góð og þeir hvöttu mig áfram til að rækta það frekar. Ég var send á alls konar námskeið og eftir því sem ég lærði meira og varð betri starfsmaður fékk ég meiri ábyrgð og tók til dæmis listastarfið að mér en yfirmönnum mínum fannst ég vera skapandi. Ég fékk alltaf smátt og smátt meiri ábyrgð og varð einhvern veginn hluti af heildinni.“

## Jákvæðir og lausnamiðaðir

Agnes segir að það sem hafi verið áberandi í leikskólanum var hve allir starfsmenn voru jákvæðir og lausnamiðaðir. „Það var alltaf verið að hugsa í lausnum. Það voru aldrei vandamál. Þetta voru bara áskoranir. Það var alltaf verið að leita leiða til að gera betur. Og ef það var

Agnes Gústafsdóttir. „Það var alltaf verið að hugsa í lausnum. Það voru aldrei vandamál. Þetta voru bara áskoranir. Það var alltaf verið að leita leiða til að gera betur. Og ef það var eitthvað sem þurfti að bæta þá var gengið í það.“



eitthvað sem þurfti að bæta þá var gengið í það. Það var þannig stemning í starfsmannahópnum og menningin á staðnum var þannig að við hjálpuðumst að til að gera starfið betra.“

Agnes segir að samstarfsfólk sitt hafi hvatt hana til að fara í leikskólalíðanám í Fjölbautaskólanum í Garðabæ sem hún svo gerði.

„Þegar ég kláraði það þá vildu þau að ég héldi áfram og næði mér í réttindi sem leikskólakennari og svo fór ég í nám í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands,“ segir Agnes en hún segir að hún hafi ekki þurft að taka stúdentspróf til að komast inn í háskólann þar sem hún var komin með nógu margar einingar.

„Ég byrjaði í leikskólalíðanáminu 2008 eftir aðeins hálf ár í starfi og vann fulla vinnu samhliða því. Ég útskrifaðist úr því námi 2011. Ég fór svo í fæðingarorlof en árið 2014 hóf ég nám í leikskólakennarafræðum samhliða fullri vinnu. Ég minnkaði þó fljótlega við mig vinnuna þar sem það er mikið álag að vera í fullu námi og fullu starfi ásamt því að hugsa um fjölskylduna.“

## Allt leiðbeinendur

Agnes vann í vetur verkefni í námskeiðinu „Fræði og starf á vettvangi II“ en um var að ræða rannsókn sem framkvæmd var í leikskóla. Hún hélt svo í vetur erindi á morgunverðarfundum RannUng sem vakti mikla athygli en hún talaði um nauðsyn þess að tekið væri vel á móti nýjum starfsmanni sem hæfi störf á leikskóla.

„Við áttum í þessu verkefni að fara í leikskóla og finna einhverja þörf; eitthvað sem þurfti að bæta eða vinna með í samráði við leikskólann og finna svo leiðir til að vinna með það. Svo skrifuðum við um reynslu okkar og hvernig þetta gekk. Við vorum með þessu að reyna að efla okkur sem fagmenn og áttum að vera faglegir leiðtogar í viðkomandi leikskólum. Það var áskorun okkar að reyna að finna hvernig við gætum leitt starfsmannahópinn áfram til að gera einhverjar breytingar til batnaðar í starfinu.“

Agnes segist hafa verið búin að undirbúa sig í margar vikur fyrir allt annað verkefni en það sem hún svo gerði.

„Ég ætlaði að skoða námsumhverfið en þegar ég kom á vettvang sá ég að þörfin var allt önnur. Eftir að hafa rætt við

deildarstjórnann og starfsmenn á deildinni komst ég að því að deildarstjórinn var sú eina sem var fagmenntuð á þessari deild og aðeins einn annar starfsmaður á deildinni hafði starfsreynslu úr leikskóla. Það voru fjórir starfsmenn á deildinni og þrír af þeim voru leiðbeinendur sem voru nýbyrjaðir að vinna á leikskólanum. Þannig að það var í raun og veru ekki raunhæft að fara að þróa áfram eitthvað starf þegar vantaði allan grunninn.

Þá fór ég að skoða hvernig maður gæti stuðlað að faglegu starfi með nýju starfsfólki. Ég fór að skoða hvað það væri sem skólinn legði áherslu á,“ segir Agnes en rannsóknarspurningin varð: Hvernig er hægt að styðja nýtt starfsfólk leikskóla við að efla fagmennsku sína í hópastarfi?

## Hópastarf

Ákveðið var að taka fyrir hópastarf: könnunarleik, kubbastarf og myndsköpun.

„Það þurfti að kynna þetta efni fyrir leiðbeinendunum og leiða þær svoltið í gegnum þetta og fá þær til að taka ábyrgð á stundunum. Ég lagði svoltið upp úr því að hafa umræður og reyna að styðja þær í gegnum þetta þannig að þær myndu gera þetta að mestu sjálfar en ég væri samt til staðar.

Þetta byrjaði alltaf eins fyrir hverja stund; það var fræðsla um viðfangsefni hópastarfsins, svo skoðuðum við efniviðinn sem notaður er og svo tóku þær ábyrgð á stundinni. Ég var þeim innan handar. Við ræddum svo eftir stundina hvað gekk vel og hvað illa og hvað mætti gera betur næst. Þannig endurskoðuðu þær efniviðinn og lærðu út frá því sjálfar í stundinni.

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að skapa lítið lærdómssamfélag á deildinni. Þrátt fyrir að rannsóknin spanni stutt tímabil fóru þátttakendur í nokkra hringi í því hringferli sem á sér stað í þróun lærdómssamfélags. Það byggðist á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi, oftast með óformlegum samtölum. Fræðsla og fundir leiddu til nýrra vinnubragða og ný vinnubrögð leiddu til reynslu. Sú reynsla var nýtt til að meta starfið, gera endurbætur og skapa nýja þekkingu. Starfsfólk lærði hvert af öðru og sýndi áhuga á að ná betri árangri, það fór að ræða meira saman og ráðfæra sig hvert við annað um hugmyndir sínar og hvernig mætti þróa þær áfram.“

# Það þarf að sýna starfsfólkinu áhuga og að yfirmenn hafi trú á því. Það þarf að fá fræðslu. Góða fræðslu.

## Mikill áhugi

Agnes segir að hún hafi vitað áður en hún byrjaði á þessari rannsókn að tveir af leiðbeinendunum þremur myndu hætta að vinna um áramótin. „Þá var það spurning hvort ég ætti að fylgja þessu eftir eða ekki. Við vildum auðvitað hafa faglegt starf - þótt fólk sé að hætta verður að finna leiðir til að hafa það sem faglegast á meðan það vinnur á staðnum. Börnin eiga skilið að fá það besta. Þannig að við héldum þessu áfram.

Ég sá fljótlega hvað það var mikil þörf fyrir þetta en um leið og ég byrjaði á þessu verkefni þá sá ég aukinn áhuga hjá leiðbeinendunum. Þær fóru að taka meira frumkvæði og það smitaðist út í fleiri þætti heldur en bara þessa þrjá. Þær fengu meira sjálfsöryggi og fundu einhvern veginn tilganginn með þessu sem við vorum að gera og skildu af hverju við vorum að gera hlutina svona. Það opnaðist einhver flóðgátt þegar við byrjuðum á þessu. Ég fann það. Það var endalaust verið að spyrja út í ýmislegt og ég var mikið að leita svara á kvöldin því ég vildi fylgja þessum áhuga þeirra eftir til að geta svarað spurningum þeirra.“

## Þarf góða fræðslu

Agnes segir að hún hafi þurft að aðlaga verkefni sitt að leikskólanum og hvernig það passaði starfinu þar.

„Þarna var starfsfólk sem ætlaði að stoppa stutt og þá er kannski ekki lagður eins mikill metnaður í að fræða það. Það er kannski lögð meiri áhersla á að komast í gegnum daginn; komast í gegnum tímabilið og vinna það sem á að vinna.

Mér finnst að það ætti að taka á móti öllum sem koma inn í leikskólana með jafnmiklum metnaði. Það þarf að sýna starfsfólkinu áhuga og að yfirmenn hafi trú á því. Það þarf að fá fræðslu. Góða fræðslu. Það er ekki nóg að rétta því bækling. Það þurfa að vera umræður og það þarf að fylgja

þeim eftir. Það vakna oft margar spurningar hjá nýju starfsfólki.

Svo finnst mér mikilvægt að finna styrkleika og áhuga hjá starfsfólkinu og finna leiðir til að efla það í því sem það er gott í. Styrkja það í því og gefa því svo ábyrgð í samræmi við það. Mér finnst áberandi að leiðbeinendur koma inn og eiga bara að gera eins og allir hinir. Þetta þarf að vera meira stigvaxandi en það þarf mikið aðhald ef á að gera þetta vel.“

### Ekki sömu kröfur

Agnes segist í raun hafa fengið lítinn tíma til að sinna verkefni sínu á leikskólanum. „Ég var búin að ákveða að ræða um verkefnið á deildarfundum þar sem allir gætu setið saman og rætt málin en oftast var ég með einn eða tvo starfsmenn til að ræða við því það var ekkert hægt að leysa af. Stjórnendur voru allir af vilja gerðir til að láta þetta ganga en vegna veikinda og annarrar fjarveru starfsfólks var það bara ekki hægt.

Þá fór ég að velta fyrir mér hvernig leikskólar sem eru með mikla starfsmannaveltu eigi að fylgja eftir fræðslu til nýs starfsfólks af því að það er mikilvægt. Ég kom þarna inn sem aukamanneskja en samt var erfitt að finna tíma. Ég fór að velta ýmsu fyrir mér í kjölfarið. Samnemandi minn sagði til dæmis að þegar dóttir hennar fór að vinna á pítsustað þá þyrfti hún að fara á skyldunámskeið í ákveðinn stundafjölda áður en hún mátti byrja að vinna. Ég fór á barnfóstrunámskeið hjá Rauða krossinum þegar ég var krakki og þar var meðal annars

farið í skyndihjálp og hvernig ætti að annast börn. Það virðast ekki vera gerðar sömu kröfur þegar byrjað er að vinna í leikskóla. Fólk er heppið ef það lendir á vinnustað eins og ég gerði þar sem það fær góða leiðsögn og fræðslu. Það var vel mannaður staður en á öðrum stöðum er kannski ekki starfsfólk til að sinna þessu.“

### Jákvæðni mikilvæg

Agnes segist telja að sveitarfélögin geti komið til móts við leikskóla með því að styðja þá. „Þau gætu verið með fræðslu almennt um leikskólastarf og regluleg fræðslunámskeið fyrir nýtt starfsfólk af því að það er víða mikil starfsmannavelta. Svo gætu leikskólarnir farið lengra með þetta og skoðað það sem þeir sérhæfa sig í, hvort sem það er til dæmis Reggio-stefnan eða eins og þarna könnunarleikurinn, kubbastarfið og myndlistin. Það ætti að vera hægt að halda námskeið sem myndi gagnast öllum varðandi praktíska hluti. Ég held að það skipti mestu máli að draga úr álagi og gera starfsumhverfið eftirsóknarvert.“

Andinn á vinnustöðum er misjafn og slæmur andi getur haft mikil áhrif. „Í fyrsta starfsmannavítalinu sem ég sat í leikskólanum þar sem ég byrjaði að vinna voru lagðar línurnar um það hvernig samskiptum væri háttað. Það var sagt að þar væru vandamál leyst og fólk talaði við hvert annað og ef eitthvað kæmi upp þá væri það leyst strax; það væri ekki í boði að draga starfið niður á þann hátt. Það var lagt mikið upp úr því að hrósa og styrkja hvert annað og

Ég held að það skipti mestu máli að draga úr álagi og gera starfsumhverfið eftirsóknarvert.

menningin á staðnum litaðist af því. Ég held að það sé stjórnandanum að þakka hvernig þetta var því hún fylgdi þessu vel eftir. Mér finnst jákvæðni skipta miklu máli, að fólk sé jákvætt og til staðar.

Það þyrfti að vera meiri stuðningur fyrir starfsfólk almennt og það þyrfti meiri tíma til að funda til að geta byggt upp sameiginlega sýn á starfinu svo starfsmannaveltan verði ekki svona mikil. Það er ljýjandi að standa í slíku og það þarf að gera vel við starfsfólk.

Það þarf að hlúa vel að því starfsfólki sem starfar í leikskólunum svo það flosni ekki úr starfi vegna álags eða kulnunar. Það er mikið álag á því fólki sem er nú þegar í leikskólunum og það myndi létta mikið á þeim að geta haldið áfram sínum störfum á meðan aðrir sjá um að koma nýju fólki inn í starfið. Metnaðurinn fyrir því að þjálfa upp nýtt fólk dalar eftir því sem þarf að gera það oft og örur og það hefur eflaust áhrif á hversu vel það kemst inn í starfið og hversu lengi það staldrar við. Það myndi bæta gæði starfsins töluvert og létta álag ef allt starfsfólk væri vel upplýst því fyrst þá getur það sinnt störfum sínum af fagmennsku.

Ég tel að þörfin á lærdómssamfélagi sé gríðarleg í leikskólum þar sem ekki er mikið af fagfólki og mikið af nýliðum. Með því væri stöðugt verið að viðhalda sameiginlegri sýn og halda áfram að skapa þekkingu með því að læra af öðrum og í samvinnu við aðra. Ég tel að það myndi létta á álagi þegar slík vinnubrögð væru orðin að menningu skólans. Það er mjög mikilvægt að gleyma ekki í amstri dagsins hversu mikilvægt það er að gefa starfsfólki tíma til að ræða saman og þróa starfið áfram. Undirbúningstímar og deildarfundir eru fyrstir að fjúka þegar það vantar starfsfólk og það er áhyggjuefni þegar það vantar oft starfsfólk. Auðvitað þarf að tryggja öryggi barnanna og þeirra hagur á að ganga fyrir í öllu starfi en þá verður að gera sér grein fyrir því hvaða starf á sér stað innan leikskóla þar sem staðan er þannig.“



„Það þyrfti að vera meiri stuðningur fyrir starfsfólk almennt, það þyrfti meiri tíma til að funda til að geta byggt upp sameiginlega sýn á starfinu svo starfsmannaveltan verði ekki svona mikil. Það er ljýjandi að standa í slíku og það þarf að gera vel við starfsfólk.“



# Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS  
[www.fi.is](http://www.fi.is)



Lára skólameistari segir mikilvægt að stjórnendur hlúi vel að starfsfólkinu, þyki vænt um það og beri hag þess fyrir brjósti.



# Verðum að vera skapandi í öllu sem við gerum

Lára Stefánsdóttir hefur verið við stjórnvölinn í Menntaskólanum á Tröllaskaga frá því skólinn var settur á laggirnar árið 2010. Í skólanum eru á fjórða hundrað nemendur og þrjátíu starfsmenn. Skólinn hefur þrjú ár í röð verið valinn „stofnun ársins“ og síðastliðið haust var Lára valin skólameistari ársins í könnun sem Félag framhaldsskólakennara gerði meðal félagsmanna.

Skólavardan heimsótti Ólafsfjörð á falletum vetrardegi í febrúar og spurði Láru skólameistara hvernig hefði verið að stofna menntaskóla frá grunni og hver væri lykillinn að farsælli skólastjórnun.

„Ég held að svarið við því sé margþætt en mín skoðun er sú að það skipti máli að þér þyki vænt um starfsfólkið, viljir hlúa að því og berir hag þess fyrir brjósti – að starfsfólkið skipti þig í alvörunni máli,“ segir Lára.

Hún segir mikilvægt að skólastjórnendur séu vakandi yfir velferð starfsfólksins. „Þá batnar kennslan og samskipti kennara og nemenda verða góð. Ef kennurum líður vel þá endurspeglast það yfirleitt í að nemendum líður vel. Annað sem skiptir mig máli er að mér líður vel



í starfi vegna þess að starfsfólkið hlúir líka að mér. Þetta gengur nefnilega í báðar áttir.“

Lára segist ekki koma að málum með fyrir fram mótaðar skoðanir. Hún segir mikilvægt að kennarar og starfsfólk fái tækifæri til að tjá sig um fagleg málefni skólans og annað í starfseminni sem þarf að ræða. „Mínar ákvarðanir eru oftast afleiðingar en ekki orsök. Ég tek ekki bara ákvörðun út í loftið heldur fer af stað ferli sem endar í ákvörðun. Það er að mínu mati mikilvægt að hlusta á öll sjónarmið, fá viðbrögð við hugmyndum og vinna sig þannig að niðurstöðu.“

### Reiknað með tíu en sjötíu sóttu um

Eftir að hafa gengið um skólabygginguna í fylgd Láru er ljóst að skólinn er vel búinn og starfsaðstaða kennara er til mikillar fyrirmyndar. Það er hugsað fyrir öllu og kennararnir sjálfir ráða til dæmis hvaða tölvubúnað þeir nota og hvernig þeirra privataðstaða er. Hljóðvist í byggingunni er afar góð og segist Lára hafa lagt mikið upp úr þeim þætti strax í upphafi. „Kennararnir og starfsfólk hafa mismunandi þarfir þegar kemur að vinnuumhverfi og ég hlusta eftir öllu slíku. Þeir ráða mikið sjálfir eigin vinnuaðstöðu og tölvu- og tækjabúnaði sem þeir telja nauðsynlegan.“

Menntaskólinn á Tröllaskaga var stofnaður árið 2010 og í upphafi var áætlað að innan við tíu nemendur myndu sækja skólann fyrsta kastið. Þeir urðu reyndar sjötíu strax á fyrstu önn.

Lára var eini starfsmaður skólans fyrstu mánuðina og setti saman sýn skólans og drög að brautakerfi. Hún ætlaði sér svo sem aldrei að verða skólameistari.

„Ég stundaði meistaranám í listljósmyndun í San Francisco á árunum fyrir hrun og satt að segja hafði ég látið mig dreyma um að þurfa ekki að vinna framar

í framhaldsskóla. Mig langaði að vinna við listljósmyndun og hafði gert viðskiptamódel til að láta það ganga upp þegar hrúnið skall á. Sú áætlun gekk því ekki upp og ég var skyndilega í þeirri stöðu að mig einfaldlega vantaði vinnu til að framfleyta mér. Ég sótti um fjölda starfa og á endanum fór svo að ég var ráðin í stöðu skólameistara hér,“ segir Lára og bætir við að ráðningin hafi bæði falið í sér létti og verið ákveðið áfall. „Ég var auðvitað ánægð að vera komin með vinnu en um leið fannst mér erfitt að þurfa að flytja frá börnunum, fjölskyldunni og félagslífinu. En það var ekki um annað gera en stökkva á þetta tækifæri.“

Nýr menntaskóli var á teikniborðinu og eins og Lára orðar það þá var hún í raun með autt A4 blað fyrir framan sig. „Þetta var auðvitað óskastaða því ég áttaði mig fljótlega á því að enginn ætlaði að segja mér hvernig skólinn ætti að vera. Ég var bara með autt blað og svo það sem var albest – nýja námskrá,“ segir Lára.

### Erum mikið og-fólk

Lára hafði einn mánuð til að skrifa námskrá og kynna skólann fyrir fólki í byggðarlaginu og sannfæra það um hvernig þetta ætti allt saman að vera. „Ég varð bara að standa keik og segja: svona á skólinn að vera. Annars er mín eftirráskyring sú að það hafi hjálpað mér mikið að vera kerfisfræðingur, en ég vann lengi við forritun í tölvugeiranum. Svo er ég með meistaragráðu í menntunarfræðum og aðferðafræði og þegar þarna er komið er ég nýbúin að ljúka meistaragráðu í listum. Ég átta mig allt í einu á að ég er með menntun og reynslu í þremur stöðum menntunar; listum, félagsvísindum og raungreinum – og er þannig ekki bara ein tegund af skólamanni.“

Lára segir listmenntunina hafa gert það að verkum að hún ákvað strax að búa til

Það er að mínu mati mikilvægt að hlusta á öll sjónarmið, fá viðbrögð við hugmyndum og vinna sig þannig að niðurstöðu.

konsept fyrir skólann; hvað á þetta að vera, hvert erum við að fara og hvernig ætlum við að vera? „Ég setti mér strax markmið um að skólinn ætti fyrst og síðast að vera skapandi og stuðla að frumkvæði því ef samfélag eins og hér á Ólafsfirði á að lifa af þá þarf fólk að geta sýnt frumkvæði í stað þess að bíða eftir að einhver komi og skaffi eitthvað. Við þurfum að vera skapandi í öllu sem við gerum, þurfum að þora og sýna áráðni. Þannig var mín sýn í upphafi og hefur ekkert breyst.“

Auglýst var eftir kennurum um mitt sumar 2010 og segir Lára að fjöldamargar góðar umsóknir hafi borist. Lára segist hafa lagt sig í líma við að ráða ólíkt fólk af báðum kynjum, á mismunandi aldri og frá ólíkum stöðum. „Ég lagði mína sýn á borðið og reyndi síðan að velja fólk sem féll að henni. Það var ánægjulegt að sjá hversu margt hæfileikafólk sótti um og úr varð starfsmannahópur sem er afar fjölbreyttur og ólíkur innbyrðis. Það gerir að verkum að hópurinn þarf að vanda til samskipta og komast að niðurstöðu fremur en að það myndist klíkur. Við berum virðingu hvert fyrir öðru og ræðum okkur að niðurstöðu í hverju máli,“ segir Lára. Frá upphafi hefur starfsmannahópurinn síðan ráðið ferðinni og mótað framtíðina hverju sinni.

Starfsmannavelta hefur verið í algjöru lágmarki síðan skólinn tók til starfa, en einn kennari hefur látið af störfum og flutt burt af öðrum ástæðum. Lára segir mikilvægt að tryggja atvinnuöryggi og ekki þýði að bjóða upp á skert starfshlutfall. „Fólk þarf að geta verið í fullu starfi og helst að vera það sem ég kalla og-fólk, þ.e. með menntun á meira en einu sviði. Það á við um alla kennara hér,“ segir Lára.

Sveigjanleiki er í hávegum hafður í Menntaskólanum á Tröllaskaga og Lára segir mikið lagt upp úr endurmenntun og símenntun kennara. „Kennararnir eru og

## STOFNUN ÁRSINS 2015, 2016, 2017

Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur verið valinn stofnun ársins þrjú ár í röð í könnun sem Gallup gerir í samstarfi við VR, SFR og efnahagsráðuneytið. Þættir á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu og ímynd eru mældir í könnuninni.



Við vinnum markvisst að því að þjálfa nemendur undir komandi tæknibreytingar og ég hugsa að ekkert land í heiminum búi yfir jafngóðri námskrá í þeim efnum og við gerum.

hafa alltaf verið mjög duglegir að sækja sér menntun og vegna þess hvernig kerfið okkar er þá geta hlutirnir gengið upp þótt kennarar bregði sér af bæ og sæki námskeið annars staðar í nokkra daga. „Við erum með vikulotur og því er hægt að hnika náminu aðeins til ef þarf en oftast er það þannig að kennararnir halda uppi kennslu þótt þeir séu fjarri. Það fóru til dæmis tólf kennarar á námskeið til Skotlands í fyrra án þess að það hefði áhrif á nemendur. Við komumst að því að þetta væri hægt eitt skiptið sem veður hamlaði kennslu hér í sjö daga. Nemendur létu ekki ástandið ekki trufla sig, þeir voru með innlagnirnar og þurftu bara aðstoð við að leysa verkefni. Svo kom í ljós að þeir höfðu verið í sambandi við kennarana í gegnum netið alla dagana og öll skilaverkefni voru á sínum stað á tilsettum tíma.“

### Besta námskráin fyrir framtíðina

Nemendur Menntaskólans á Tröllaskaga eru þjálfaðir í öguðum vinnubrögðum og hver vika er lota þar sem ljúka þarf ákveðnum verkefnum. „Vikutakturinn hefur í för með sér að nemendurnir læra strax að þeir verða að stunda námið jafnt og þétt. Hér þýðir ekki að ætla að redda hlutum fyrir lokapróf því það eru engin slík. Þetta vinnulag verður nemendum tamt og engin spurning að það nýttist í því námi sem tekur við.“

Fjórða iðnbyltingin er mikilvægur þáttur í framtíðarsýn skólans að sögn Láru. „Við vinnum markvisst að því að þjálfa nemendur undir komandi tæknibreytingar og ég hugsa að ekkert land í heiminum búi yfir jafngóðri námskrá í þeim efnum og við gerum. Námskráin okkar er sveigjanleg, við getum búið til og breytt fögum og áherslan er á þekkingu, leikni og hæfni sem við getum beitt í samfélagi framtíðar. Með því



Lára var valin skólameistari ársins í könnun sem Félag framhaldsskólakennara gerði meðal félagsmanna síðastliðið haust. Félagið færði Láru viðurkenningarskjal og blóm af því tilefni.



Nemendur eru þjálfaðir í öguðum vinnubrögðum enda hver vika ein lota. Lára segir vikutaktinn hafa í för með sér að nemendur læri fljótt að stunda námið jafnt og þétt; slíkt vinnulag gagnist þeim síðan inn í framtíðina.

að kenna þessi vinnubrögð í staðinn fyrir staðreyndanám, læra nemendur samvinnu og samstarf, læra að finna út úr hlutum, læra að leita sér þekkingar, leysa verkefni og vera skapandi. Þetta rímar algjörlega við lykilorð 4. iðnbyltingarinnar,“ segir Lára.

Kennarahópurinn sækir mikið af námstefnum og námskeiðum þar sem fjallað er um komandi breytingar. Tæknin skipar stóran þátt í skólastarfinu og til marks um það segir Lára að nemendur noti um og yfir 150 forrit í náminu.

„Sá fókus sem mér er ofarlega í huga er að beina nemendum að því að læra það sem þeim finnst ánægjulegt. Þeir eru ekki að læra eitthvað í dag sem þeir munu vinna við það sem eftir lifir ævinnar, þannig að hin þekktu sálarangist unglunga sem vita ekki hvað þeir vilja verða á ekki lengur við. Við vitum ekki hvernig störfín verða eftir kannski 15 ár. Mikilvægast er að mínu mati að kenna vinnulag þar sem nemendur læra að upp-götva hluti sjálfir, treysta á sjálfa sig og leysa verkefni með sínu nefi,“ segir Lára.





# Georg kennir á klukku

Georg og klukkan er nýjasta viðbótin í leikjasafn Georgs. Um er að ræða bráðskemmtilegt app sem inniheldur fjölbreyttar æfingar og leiki fyrir börn sem eru að læra á klukku. Öll öppin hans Georgs eru að sjálfsögðu ókeypis og heita: **Georg og félagar**, **Georg og leikirnir** og **Georg og klukkan**.

**Pú finnur öppin hans Georgs á [islandsbanki.is/georg](https://islandsbanki.is/georg)**





# SAMBANDIÐ ÞARF AÐ VERA Í STÖÐUGRI ÞRÓUN

*Texti: Aðalbjörn Sigurðsson  
Myndir: Anton Brink*

*Þórður Á. Hjaltested, fyrrverandi formaður KÍ, segir brýnasta verkefnið framundan að hækka laun kennara og bæta vinnuaðstæður. Einnig þurfi að huga að skipulagi Kennara-sambandsins og skoða mögulegt samstarf við t.d. BHM.*





Formaður Kennarasambands Íslands er ekki bara pólitískur forystumaður kennara, hann er einnig framkvæmdastjóri sambandsins sem veltir hundruðum milljóna króna á hverju ári, heldur úti viðamikilli starfsemi, er með fjölda starfsmanna í vinnu og sinnir þéttriðnu neti kjörinna fulltrúa af öllum skólastigum. Þessu embætti sinni íþróttá- og menntunarfræðingurinn Þórður Á. Hjaltsted frá árinu 2011 til loka sjöunda þings KÍ sem haldið var dagana 10. til 13. apríl. Útsendari Skólavörðunnar hitti Þórð stuttu eftir þingið, þar sem hann var í óða önn að ganga frá skrifstofu sinni og gera hana tilbúna til að hýsa Ragnar Þór Pétursson sem tekið hefur við forystu Kennarasambandsins. En hvernig kom það til að Þórður bauð sig fram til forystu í Kennarasambandi Íslands?

„Það þarf í raun að horfa allt til ársins 1982 þegar ég hóf störf sem kennari til að leita skýringa á því,“ segir Þórður. „Frá fyrsta degi lagði ég mig fram um að vera vel inni í kjarasamningum og réttindamálum kennara sem leiddi til þess að ég var kosinn trúnaðarmaður í Varmárskóla árið 1997. Ég var í því embætti árið 2000 þegar umdeildir kjarasamningar grunnskólakennara voru samþykktir og í framhaldi var mér falið að koma athugasemdum samkennara minna við samninginn á framfæri á aðalfundi Félags grunnskólakennara sem og á þingi KÍ skömmu síðar. Ég hafði talsverða reynslu af félagsstörfum og var ekkert hræddur við að kveðja mér hljóðs, bæði til að bera fram spurningar en einnig til að vekja athygli á hlutum sem mér og samkennurum mínum fannst að þyrfti að skoða betur. Ég lagði í málflutningi mínum áherslu á að vera málefnalegur og kannski þess vegna var ég í framhaldi hvattur til að gefa kost á mér í stjórn Félags grunnskólakennara. Sú tillaga bar fremur bratt að þannig að ég ákvað að gefa aðeins kost á mér í varastjórn félagsins og fékk það góða kosningu að ég endaði sem fyrsti varamaður en skömmu síðar var ég orðinn aðalmaður eftir að einn úr stjórninni gerðist skólastjóri og skipti þar með um stéttarfélag.“

Á þessu kjörtímabili voru stór mál í vinnslu, það stærsta örugglega kjarasamningarnir sem voru gerðir árið 2004 eftir sjö vikna verkfall. Það var mikil eldskírni fyrir mig því ég var ekki aðeins í samninganefnd félagsins heldur starfrækti

ég verkfallsmiðstöð í Reykjavík með Ólafi Loftssyni. Þegar ég horfi til baka finnst mér að við sem fórum fyrir félaginu á þessum tíma höfum staðið okkur vel, enda var þarna samið um 30% kjarabætur þrátt fyrir að samninganefnd sveitarfélaga hafi upphaflega komið að borðinu með tilboð um rétt rúm 15%.“

## Átti ekki von á að sigra

„Líklega hafa fleiri verið á þeirri skoðun að við höfum staðið okkur vel því þegar ég bauð mig fram í stjórn FG árið 2005 hlaut ég yfirburðakosningu. Þar var ég jafnframt kosinn fulltrúi Félags grunnskólakennara í stjórn Kennarasambands Íslands. Ég var skipaður varaformaður FG þennan tíma sem þýddi að ég starfaði í Kennarahúsinu.“

En hvernig kom það til að þú bauðst þig fram í formennskuna 2011? „Á þeim tímapunkti hafði aðeins Elna Katrín Jónsdóttir, þáverandi varaformaður KÍ, gefið kost á sér í embættið. Ég hafði unnið mikið með Elnu og vissi að þar færi afar hæf kona með mikla reynslu sem gerði allt vel sem hún tæki að sér. En hún hafði einnig verið lengi í forystu KÍ og ég heyrdi í kringum mig að mörgum þótti kominn tími til breytinga. Mér fannst ótækt að ekki yrði kosið í embættið og því gaf ég kost á mér og ef ég á að vera hrein-skilinn þá átti ég ekki von á að sigra. En það fór svo að lokum að í kosningum þar sem um 70% félagsmenna kusu sigraði ég með tæplega 200 atkvæða mun. Ég endurnýjaði síðan umboð mitt árið 2014 og hef því setið sem formaður í sjö ár og er afar þakklátur fyrir það traust sem félagsmenn KÍ hafa sýnt mér með því.“

## SALEK, mikil vinna en lítill ávinningur

Ef þú horfir til baka yfir þessi sjö ár, hvað stendur upp úr? „Eitt kemur strax upp í hugann sem bæði var tímafrekt og erfitt, en það er svokallað SALEK samstarf. Upphaf þess má reka til stöðugleikasáttmálsans sem var gerður í kjölfar hrunsins, en þar samþykktu KÍ og BHM að krefjast ekki launahækkana í allt að þrjú ár. Þegar efnahagsástandið fór að batna var auðvitað farið fram á að kjörin yrðu leiðrétt. Það reyndist mjög þungt og á sama tíma efndi þáverandi ríkissáttasemjari, Magnús Pétursson, að frumkvæði BSRB til samstarfs meðal aðila vinnurmarkaðarins með það að markmiði

Þórður Árni Hjaltsted kom til starfa í Kennarahúsinu árið 2005 þegar hann tók við stöðu varaformanns Félags grunnskólakennara. Hann var kjörinn formaður Kennarasambands Íslands árið 2011.

að bæta og straumlínulaga vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Það samstarf átti síðar eftir að hljóta þetta nafn, SALEK. Í þetta fór gríðarlega mikil vinna þar sem meðal annars var farið í að skoða hvernig þessum málum væri háttað hjá nágrönnum okkar í Skandinavíu.

Eftir þá yfirferð var niðurstaðan sú að við þyrftum að búa til okkar eigin módel. Við sem sinntum þessum málum fyrir hönd KÍ áttuðum okkur snemma á því að stóri gallinn í því kerfi sem m.a. ASÍ, SA og ríkið vildu innleiða, sem gekk út á að opinberir starfsmenn fengju mælt launaskrið sjálfkrafa í launaumslagið en ekkert umfram það, var sá að þar með væri búið að negla niður þá launaröðun sem fyrir var í landinu. KÍ lagði því til að launaröðun mismunandi stétta yrði kortlögð, hverjir ættu að vera með hæstu launin, hverjir þeir lægstu og hvernig röðunin yrði þar á milli. Eftir það mætti koma á þessu norræna módeli. Því miður var strax mikil andstaða við þessar áherslur okkar og því fór sem fór. Í þetta allt fór gríðarleg vinna og ofboðsleg orka, sem að endingu skilaði ekki þeirri niðurstöðu sem við vonuðumst eftir.“

### Lífeyrismálin reyndust erfið

Annað stórt mál voru lífeyrismálin, ekki satt? „Já, það var hitt stóra málið sem segja má að hafi hafist á árinu 2009 þegar KÍ undirritaði ásamt öðrum landssamtökum launafólks svokallaðan stöðugleikasáttmála. Sáttmálinn varð að lokum mikil málamiðlun

og fól m.a. í sér grein 9 sem fjallaði um jöfnun lífeyrisréttinda allra landsmanna án þess að þar væri tilgreint hvernig framkvæmdin ætti að vera. Í kjölfarið var stofnuð nefnd til að fjalla um málið og voru niðurstöður hennar tilbúnar árið 2013. Þar var lagt til að réttindin yrðu jöfnuð þannig að bæði ASÍ og stéttarfélag opinberra starfsmanna þyrftu að samþykkja breytingar. Þær fólust meðal annars í að heildargreiðsla inn í lífeyris-sjóði á almennum markaði yrði hækkuð í áföngum upp í 15,5% en á móti yrðu réttindi opinberra starfsmanna skert þannig að þau yrðu að endingu þau sömu og á almennum markaði.

Fulltrúar opinberra starfsmanna í nefndinni neituðu skiljanlega að skrifa undir skýrsluna fyrr en búið væri að semja um málið við bandalög og stéttarfélag þeirra. Í framhaldi gerðist fátt í málinu um nokkurra missera skeið en um miðjan ágúst 2016 voru fulltrúar KÍ, BHM og BSRB kallaðir til fundar í fjármálaráðuneytinu þar sem okkur var tjáð að gerðar yrðu breytingar á kerfinu á næstu mánuðum, með eða án aðkomu okkar. Í því fólst auðvitað sú hótun að stjórnvöld myndu breyta lögum um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna einhliða. Niðurstaðan var að þrátt fyrir að við vildum ekki breyta kerfinu ákváðum við að betra væri að taka þátt í vinnunni sem þarna var að hefjast og reyna að hafa áhrif á niðurstöðuna, frekar en að segja okkur frá verkefninu.

Í framhaldi var farið í mjög stífa vinnu

„Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að við séum með gott skólakerfi, góða skóla og gott starfsfólk.“

og á endanum náðist niðurstaða sem við töldum okkur geta búið við, en hún tryggði að engar skerðingar yrðu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna næstu tuttugu árin hið minnsta. Því til viðbótar var lífeyris-kerfið að fullu fjármagnað út þann tíma. Við bárum þessa niðurstöðu undir stjórnir og samninganefndir allra aðildarfélaga KÍ sem voru að lokum sammála okkur um að þetta væri illskásta niðurstaðan. Undir þetta samkomulag var skrifað 19. september 2016 og í framhaldi var í fjármálaráðuneytinu sett saman lagafrumvarp. Þegar það loksins birtist endurspeglaði það ekki samkomulagið og í kjölfarið mótmælti KÍ frumvarpinu og dró til baka stuðning sinn við málið í heild. Svo fór þó að lokum að frumvarpið var samþykkt á Alþingi og þar er ég á því að menn hafi ekki farið heiðarlega fram. Ég tek því undir ályktun nýafstaðins þings KÍ þar sem stjórnvöld eru hvött til að breyta lögum um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna í fyrra horf, þannig að þau verði að fullu tryggð eins og var fyrir lagasetninguna.“



Þórður Á. Hjaltsted tekur þátt í þingstörfum á þingi KÍ árið 2011 en á því þingi tók hann við embætti formanns KÍ.

### Skólakerfið er gott

Talið berst nú að skólamálu og skólakerfinu. „Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að við séum með gott skólakerfi, góða skóla og gott starfsfólk. En við sem þjóð þurfum samt sem áður að gæta að okkur því við höfum ekki verið að efla skólana eins og við ættum að gera. Það vantar til dæmis ennþá fjármagn þannig að skólar landsins standi jafn vel og þeir gerðu árið 2008. Ef við ætlum að halda áfram að vera í fremstu röð meðal þjóða þá þurfum við að vinna í að efla einstaklinginn, efla hugvit og hækka menntunarstig í landinu. Mér finnst augljóst að til að svo geti orðið þurfum við að efla menntakerfið í heild sinni langt umfram það sem gert hefur verið.“

Í því sambandi hefðum við átt að læra af Finnum sem ráðlögðu Íslendingum eftir



hrun að styrkja menntakerfið í stað þess að draga þar saman, því þannig myndu menn vinna sig hraðar út úr vandanum. Við reyndum að benda á þetta en því miður töluðum við fyrir daufum eyrum. Það var reyndar reynt að hlífa menntakerfinu þannig að niðurskurðurinn þar varð minni en víða annars staðar í hinum opinbera rekstri, en þó tel ég að allt of langt hafi verið gengið. Það eru til dæmis sláandi tölur sem hagfræðingur KÍ hefur safnað saman, sem sýna að ef við skoðum fjárframlög til menntamála á hvern mann hér á Íslandi, þá vantar í dag milli 15 og 16 milljarða inn í skólakerfið til að framlög verði jafn há og þau voru árin fyrir hrun. Þar er ég að tala um allt skólakerfið, frá leikskóla upp í háskóla auk tónlistarskólans. Þetta er augljóslega eitthvað sem þarf að skoða.

En þetta snýst ekki allt um fjármuni. Vandinn er að einhverju leyti að við erum með menntakerfi sem erfitt er að breyta. Þegar á reynir fer hver að passa sitt sem hefur leitt til þess að ríkisstjórnir og ráðherrar virðast ekki hafa haft dug eða þor til að stíga stór skref í þá átt að breyta kerfinu og þar með efla það. Ég er líka á því að við þurfum að efla kennaramenntunina og leita allra leiða til að auka áhuga ungs fólks á kennarastarfinu. Þar þarf ekki bara að bæta ímyndina heldur þurfa stjórnvöld að horfast í augu við að þau þurfa bæði að hækka laun og bæta vinnuaðstæður kennara. Það er brýnasta verkefnið framundan í menntakerfinu og þolir raunar enga bið. Kennarastarfið þarf að vera alvöru valkostur og það er ólíðandi að ungt fólk sjái sér ekki fært að starfa við kennslu vegna þess að það telur sig ekki geta framfleytt sér á kennaralaunum. Til viðbótar eykur vinnuálagið og vinnuumhverfið á vandann sem leiðir til þess að allt of fáir eru í kennaranámi í dag, sem er auðvitað verulegt áhyggjuefni.“

### Kennarar hafa skýra sýn

„Ef við horfum til framtíðar tel ég að það séu risavaxin verkefni framundan. Fyrir utan þessi mál sem ég hef þegar nefnt, þ.e. hækkingun launa, bættar vinnuaðstæður, minna álag o.s.frv., þá þarf núverandi forysta einnig að huga að uppbyggingu KÍ. Ég hef beitt mér fyrir ákveðnum breytingum á skipulagi Kennarasambandsins síðustu ár, til dæmis í tengslum við úttekt sem fyrirtækið Capacent gerði árið 2015. En því starfi er aldrei lokið



Björn Á. Hjaltsted, fv. formaður KÍ, og Haraldur Freyr Gíslason, formaður FL, heimsóttu leikskólann Grænuþorg á Alþjóðadegi kennara 2016. Þeir fengu góðar móttökur á þessum elsta leikskóla borgarinnar en hann var stofnaður árið 1931.

og gott skref í tengslum við það var stigið á nýafstöðnu þingi, þegar tillaga um að skipa millipinganefnd var samþykkt, en hún hefur það verkefni að huga að framtíðaruppbyggingu KÍ. Ég bind miklar vonir við starf nefndarinnar enda þarf samband eins og KÍ stöðugt að huga að því hvað sé hægt að bæta og hverju þurfi að breyta. Ég sé fyrir mér að á þessu kjörtímabili verði meðal annars skoðað hvort Kennarasambandið geti átt sterkara samstarf við BHM, hvort hægt sé að efla samstarf við kennara í háskólum landsins o.s.frv.“

Talað hefur verið um nýafstaðið þing KÍ sem áttakþing. Hvernig heldur þú að Kennarasambandið og forystan komi til leiks að því loknu? „Já, það hefur auðvitað verið í umræðunni en ég er ekki viss um að það sé rétt. Ég fékk á tilfinninguna að ekki hafi verið tekist sérstaklega mikið á um málefnið og á þinginu fóru fram mjög góðar umræður um öll okkar helstu baráttu- og hagsmunamál. Þó að átök hafi orðið um ákveðnar tillögur og einnig um núverandi formann, þá varð niðurstaðan að endingu sú að forystan sem nú tekur við kefinu er með sterk skilaboð frá þinginu um hvert skuli stefna.“

### Ætlað að sinna Íþróttasambandi fatlaðra

Hvað bíður þín persónulega eftir að KÍ

„Ef við skoðum fjárframlög á hvern mann hér á Íslandi, þá vantar í dag milli 15 og 16 milljarða inn í skólakerfið til að framlög verði jafn há og þau voru árin fyrir hrun.“

sleppir? „Ég er nýlega orðinn sextugur og dett fljótlega inn á 95 ára regluna, þannig að ég nýt þeirra forréttinda að geta farið á lífeyri ef ég svo kys. En það er aldrei að vita nema eitthvað spennandi bjóðist og þá skoða ég það bara. En núna horfi ég sérstaklega til þess að ég hef starfað sem sjálfbóaliði fyrir Íþróttasamband fatlaðra í tugi ára og var nýlega kjörinn formaður sambandsins. Þó það sé ekki launuð staða hlakka ég til að hafa meiri tíma til að sinna þeim verkefnum sem þar bíða. Því til viðbótar hef ég einfaldlega lofað mér að eyða meiri tíma í sjálfan mig, vera duglegri við að fara út að ganga og hreyfa mig og passa upp á heilsuna.“

# Skilningur í móðurmáli hjálpar við nám í heimaskóla

324 börn og unglingar af pólskum uppruna stunda nám við Pólska skólann sem hefur verið starfræktur í áratug. Katarzyna Rabęda, einn af stofnendum skólans og kennari þar, segir að það sé auðveldara að kenna barni í heimaskóla þess ef það þekkir málfræði í móðurmáli sínu en í Pólska skólanum er meðal annars bent á að grundvöllur til að skilja málfræði í erlendum tungumálum sé að skilja hana rétt á móðurmáli viðkomandi og því sé mikilvægt að læra móðurmálið vel.

**Texti: Svava Jónsdóttir**



Katarzyna Rabęda. „Það er bara nauðsynlegt að hafa grunn í móðurmáli sínu,” segir Katarzyna og viðurkennir að kennarar skólans fái stundum hrós frá kennurum í heimasólum krakkanna. „Það hefur verið hringt í skólastjórn til að þakka fyrir.”

Katarzyna Rabęda er kennaramenntuð og kenndi í pólskum grunnskóla í fjögur ár. Hún flutti til Íslands árið 2008 vegna þess að hún hafði áður komið til Íslands og orðið hrifin af landinu. Hún segir að áður en hún fór aftur til Póllands hafi hún vitað að hún vildi koma aftur og búa hér allavega í einhvern tíma. Eftir að hún kom aftur til Íslands fékk hún fljótlega vinnu við afleysingar hjá fyrirtæki en kennslan togaði í hana.

„Mig langaði svo til að starfa sem kennari,” segir Katarzyna en hún fékk síðar kennsluréttindi hér á landi bæði sem grunnskóla- og framhaldsskólakennari. „Ég vissi að skólar fyrir pólskumælandi börn og unglinga væru starfræktir í ýmsum löndum og ég athugaði hvort slíkur skóli væri starfræktur á Íslandi en svo var ekki. Ég fékk þá hugmynd að stofna skóla en ég vissi að það væri fullt af Pólverjum á Íslandi og ég hittí marga þeirra. Það voru fleiri með sömu hugmynd,” segir Katarzyna og nokkrum mánuðum síðar var búið að stofna Pólska skólann. Markmiðið var að pólsk börn sem byggju á Íslandi fengju kennslu í móðurmáli sínu, pólskri sögu og landafræði Póllands, en mikilvægt er að börn læri móðurmál sitt rétt til að skilja frekar málfræði í erlendum tungumálum.

Það er Vínafélag Pólska skólans sem rekur skólann en í félaginu eru foreldrar barna sem stunda nám við skólann sem og kennarar skólans.

Pólverjar eru fjölmennastir innflytjenda á Íslandi. 1. janúar 2017 voru 13.795 pólskir ríkisborgarar á Íslandi en íbúar á landinu voru þá 338.349. Þá höfðu í árslok 2016 2.179 Pólverjar fengið íslenskan ríkisborgararétt frá árinu 1991. Katarzyna er þar á meðal.

## 5-15 ára

„Þegar skólinn var stofnaður var meira um að pólskir krakkar byggju á Íslandi í stuttan tíma og flyttu aftur til Póllands. Þetta hefur breyst en nú er meira um að pólskir karlmenn sem eiga fjölskyldur komi til Íslands til að vinna og svo kemur fjölskyldan kannski eftir eitt eða tvö ár og býr áfram á Íslandi.“

Fyrsta skólaárið stunduðu um 60 nemendur nám við skólann, næsta skólaár voru þeir 120 og þetta skólaár stunda 324 pólsk börn og unglingar nám við skólann. Fyrsta skólaárið voru nemendur á aldrinum 7-15 ára en nú eru þeir á aldrinum 5-15 ára. Börn á yngsta stigi læra aðallega pólsku, börn á miðstigi





læra pólsku, sögu og náttúrufræði og unglingarnir læra pólsku, sögu, landafræði og félagsfræði. Kennir er á laugardögum og er hverjum bekk kennt í þrjá tíma.

Notast er við námsefni sem notað er í Póllandi auk þess sem kennarar skólans útbúa stundum efni. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða kennslu. „Það er mikilvægt að horfa á hvern nemanda og hvernig honum gengur; sumir geta meira en aðrir minna. Það þarf að passa þetta til að halda þeim í skólanum og til að gera þetta skemmtilegt.“

Nemendur í Pólska skólanum hafa aðgang að bókasafni þar sem þeir geta fengið lánaðar bækur á pólsku. Þá býður skólinn upp á þjónustu sálfræðinga, talþjálfun og sérkennslu. Skólasálfræðingur er með ráðgjöf fyrir nemendur og foreldra.

### Gengur oft betur í heimaskólunum

Katarzyna segir að það sé auðveldara að kenna pólsku barni íslensku í heimaskóla þess ef það hefur þekkingu í málfræði og er með góðan orðaforða í pólsku máli. Hún nefnir einnig hugtakaskilning, lesskilning og hæfni til að tjá sig skriflega og munnlega. Katarzyna bendir á að góð þekking í eigin móðurmáli sé mikilvæg fyrir sjálfsmynd barna sem flytja til annars lands.

„Það er bara nauðsynlegt að hafa grunn í móðurmáli sínu,“ segir Katarzyna og viðurkennir að kennarar skólans fái stundum hrós frá kennurum í heimaskólum krakka. „Það hefur verið hringt í skólastjóran til að þakka fyrir.“

Ég kenni erlendum börnum í Álfhóls-skóla, svo sem Pólverjum sem eru nýkomnir til landsins, og það er miklu auðveldara að kenna börnum og unglingum sem þekkja málfræði í móðurmáli sínu.“

Katarzyna segir þó að það fari eftir krökkum, heimaskólum þeirra og hvaða þjónustu þeir fái þar hvernig þeir spjara sig almennt. „Sumir kennarar ná strax sambandi við börnin. Ég hef verið að kenna pólskum börnum og það hefur stundum verið erfitt fyrir mig að ná sambandi við þau; þau eru kannski nýkomin til landsins og allt er breytt. Enginn hefur kannski spurt þau hvort þau vilji flytja til Íslands og allir vinir þeirra, ömmur og afar og hundurinn er í Póllandi. Þetta er erfitt fyrir suma.“

Katarzyna var mjög áhugasöm um að læra íslensku þegar hún kom til landsins enda talar hún málið ágætlega. „Ég veit að sumir Pólverjar eiga erfitt með að læra íslensku. Málfræðin er til dæmis flókin. Sumir fullorðnir Pólverjar kunna ensku og segjast bara ætla að búa hér á landi í eitt til tvö ár og nenna ekki að læra tungumálið eða þá að þeir nenna almennt ekki að læra tungumál sem bara um 350.000 manns tala.“

### Töluvert brottfall

Töluvert brottfall er á meðal erlendra nemenda úr íslenskum framhaldsskólum.

„Sumum hefur gengið vel í Pólska skólanum en halda ekki áfram í framhaldsskóla. Þeir hefja þar nám en hætta svo út af íslenskunni. Þetta fer eftir því hvenær

þeir hafa komið til landsins; það er þínu seint að koma til Íslands 12-13 ára. Það eru þó framhaldsskólar sem bjóða upp á nám í íslensku sem annað mál og það hjálpar mörgum.“

Katarzyna er spurð hvort til greina kæmi að bjóða eldri nemendum upp á nám í Pólska skólanum. „Það væri æðislegt ef það væri gert. Það hafa margir spurt hvort hægt væri að vera með kvöldskóla fyrir eldri en 20 ára til að þeir gætu klárað framhaldsskóla og fengið betri laun.“

### Mikilvægur hlekkur

Katarzyna segir að vonir standi til að Pólski skólinn komist í eigið húsnæði þar sem starfið gæti blómstrað á fleiri sviðum en kennslu. „Við gætum til dæmis boðið upp á fræðslu og námskeið fyrir foreldra eða aukaaðstoð fyrir nemendur.“

Katarzyna segist vera með skilaboð til íslenskra kennara. „Ég heyri oft kennara í íslenskum skólum eða sérfræðinga frá Menntamálastofnum segja að börnin séu mállaus. Þeir meina að þau tali ekki íslensku en börn sem flytja milli landa eru með sitt tungumál, menningu, þekkingu og alls konar hæfileika. Mér finnst vera mikilvægt að íslenskir kennarar skilji hversu mikilvægt hlutverk þeirra er. Þeir opna dyrnar að samfélaginu og eru mjög mikilvægur hlekkur í menntun og aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku.“

Börn sem læra íslensku sem annað mál þurfa á ykkur að halda. Þið eruð lykill og vegvísir að íslensku samfélagi.“

OKKAR MÁL:

# SKÓLARNIR HAFA STYRK HVER AF ÖÐRUM

*Verkefnið Okkar mál – samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi hefur það að meginmarkmiði að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti. Leiðarljósið er að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu.*

**Texti og mynd: Svava Jónsdóttir**

„Þetta var upphaflega skilgreint sem fimm ára verkefni en það var enginn tilbúinn til að sleppa verkefninu eftir fimm ár. Þetta er svo góður vettvangur. Mér þætti eðlilegt að alls staðar þar sem aðstæður bjóða upp á yrði þetta innbyggt þannig að það væri einhver formlegur vettvangur fyrir samstarf á milli leikskóla og grunnskóla og helst grunnskóla og framhaldsskóla líka,“ segir Helga Ágústsdóttir, verkefnastjóri Okkar máls og kennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Breiðhólts.

„Það er gríðarlega spennandi skólastarf í Fellahverfi. Skólarnir eru einstakir á landsvísu og þarna starfa hæfileikaríkir kennarar sem búa yfir mikilli sérþekkingu. Eins og annars staðar fækkar fagfólki af því að kennarar og leikskólakennarar eru að eldast og endurnýjun er lítil. Fellahverfi sker sig frá öðrum hverfum þar sem í skólunum er hátt hlutfall barna af erlendum uppruna sem býður upp á ótal tækifæri í skólaþróun,“ segir Helga Ágústsdóttir, verkefnastjóri Okkar máls – samstarfs um menningu, mál og læsi í Fellahverfi og kennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Breiðhólts. „Börnin eru langflest fædd á Íslandi en tala annað tungumál en íslensku á heimili. Það er því



**Helga Ágústsdóttir.** „Við sáum mælanlegan árangur í tvö til þrjú ár en síðan hafa mælitölur gengið eitthvað til baka sem er kannski dæmigert fyrir þróunarverkefni; það kemur oft fyrst mikill meðvindur en svo reynist flókið að halda lengi út.“

mikill tungumálaauður í skólunum. Dæmi eru um að í einum bekk séu jafnvel töluð 16 tungumál.“

## Aukið samstarf

Árið 2011 fór hugmynd að mótast um aukið samstarf skólanna í Fellahverfi. „Stjórnendur skólanna fóru að tala saman og í ljós kom gríðarlegur áhugi á samvinnu; að tala saman um faglega starfið og reyna að búa til einhvers konar heild utan um þetta samstarf.“

Samstarfsaðilar í verkefninu eru Fellaskóli, leikskólarnir Holt og Ösp, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Breiðhólts.

„Verkefninu er stýrt af stýrihópi sem hittist reglulega en í þessum stýrihópi eru fulltrúar hvorrar starfsstöðvar sem taldar voru upp hér á undan. Það getur reynst flókið að finna fundartíma sem hentar öllum en stýrihópsfundirnir hafa verið afar mikilvægur hluti af því að halda verkefninu gangandi. Þar

gefst tækifæri til að ræða nýjar hugmyndir og meta hvernig samstarfið hefur gengið. Allir þátttakendur hafa trú á því að samstarf og samvinna sé lykilatriði og í raun er verkefnið fyrst og fremst formlegur rammi utan um það samstarf.

Fyrir utan stýrihópsfundina starfa verkefnastjórar á hverri starfsstöð. Þeir hittast reglulega og skipuleggja það sem kemur að skólastarfinu eins og heimsóknir á milli skóla, samstarfsverkefni, vorskólann og útskriftir leikskólabarna; en þetta eru verkefni sem eru framkvæmd á vettvangi og eru ekki í höndum stýrihópsins. Þetta er því tvískipt ákvarðanataka.“

## Vorskólinn

Ýmis verkefni hafa orðið til vegna þessa samstarfs, Okkar máls, sem hafa síðan orðið hluti af skólastarfinu. „Ekkert af þessu var til staðar áður en samstarfið fór af stað. Skólarnir voru meira eins og þrjú eyríki.“

Helga nefnir fyrst vorskólann í máli.



Þar fær útskriftarágangur leikskólanna að kynnast skólustarfinu í Fellaskóla í Þriggja daga vorskólalagskrá. „Börnin kynnast húsnæðinu, kennurum og öðru starfsfólki í afar vandaðri dagskrá sem er til þess fallin að þau upplifi sig velkomin og á heimavelli í Fellaskóla. Þau fá að upplifa nýja hluti á borð við skólafrímínútur og þar taka fyrstu bekkingar sérstaklega á móti tilvonandi skólafélögum.

Það getur verið erfitt að vera yngstur í nýjum skóla. Það er því stór stund þegar fyrstu bekkingar Fellaskóla heimsækja sína gömlu leikskóla úr Fellahverfi. Þar hitta þeir gamla leikfélaga sem enn eru á leikskólaaldri og fá tækifæri til þess að skína sem stór skólabörn. Það skiptir líka máli fyrir kennara fyrsta bekkjar að koma inn í leikskólana og hitta starfsfólk leikskólanna í daglegu starfi, kynnast aðstæðunum sem og skólustarfinu. Eftir því sem kennarar þekkja betur til barnanna, þeim mun auðveldara er að tengja ný viðfangsefni við reynsluheim þeirra.

Það verkefni sem mér þykir vænst um er upplestur 5. bekkinga en þá mætir 5. bekkur í heimsókn í leikskólana og les upphátt fyrir börnin. Þau eru hvött til að lesa á móðurmáli sínu fyrir þau leikskólabörn sem tala viðkomandi tungumál. Stundum hafa ekki verið til myndabækur á öllum tungumálum en þá hafa börnin þýtt á staðnum eða endursagt söguna. Það skiptir máli að börnin finni að móðurmál þeirra skipti máli og sé dýrmætt. Sömu nemendur taka síðan á móti tilvonandi skólabörnum í vorskólunum. Þetta hafa oft verið góðar samverustundir af því að þetta snýst ekki bara um lestur. Þetta snýst um að gefa tungumálinu merkingu og að fá börnin til að tjá sig.“

Helga segir að vorskólinn hafi heppnast vel. „Foreldrar tilvonandi nemenda mæta í Fellaskóla og fræðast um starfsemi skólans, sjá myndband af því hvernig skólalagur barnanna er uppbyggður og hitta skólastjórnendur og geta spurt um það sem þeir vilja vita varðandi skólann.“

Leikskólabörn mæta auk þess einu sinni í viku í íþróttatíma í Fellaskóla. „Þetta eru alvöru íþróttatímar hjá menntuðum íþróttakennara í íþróttahúsi skólans. Fyrirkomulag íþróttatímanna varð til á óformlegum vettvangi og sýnir hvernig samvinnuverkefni getur leitt af sér alls konar skapandi samstarfsfleti.“

## Sameiginlegir starfsdagar

Frá því að farið var af stað með Okkar mál hafa Fellaskóli og leikskólarnir haldið sameiginlega starfsdaga einu sinni á ári. „Fyrstu árin var mikið unnið með vellíðan og viðhorf, enda eru það tvær stærstu breyturnar varðandi nám. Ef nemandanum líður vel og kennarinn hefur trú á að hann geti lært þá getur nám átt sér stað.

Við höfum verið með ýmiss konar fræðslu á þessum sameiginlegu starfsdögum. Þar hittast allir – kennarar Fellaskóla, starfsmenn leikskólanna og frístundastarfsfólk; hópur sem á það sameiginlegt að starfa með börnunum í hverfinu. Við höfum reynt að nýta starfsdagana í fræðslu sem gagnast öllum, kennurum á unglingsstigi jafnt og leikskólakennurum á yngstu deildum.“

## Talmeinafræðingar

Eitt afstórum verkefnum Okkar máls er að fá talmeinafræðinga inn í leikskólana. „Bryndís Guðmundsdóttir stýrir átaksverkefni tengdu málþroska í leikskólunum. Við viljum að börnin taki málið á eigin hraða og forsendum. Við viljum líka að nemendur af erlendum uppruna njóti sömu tækifæra til náms og íslenskir jafnaldrar þeirra. Tölur um brottfall erlendra nemenda úr íslenskum skólum sýna svart á hvítu að við getum gert miklu betur. Málskilningur er forsenda lesskilnings og alls áframhaldandi náms. Því verður að nýta leikskólastigið til að ná inn eins miklum orðaforða og hægt er og umvefja börnin tungumálinu með markvissum hætti.

Á Holti og Ösp starfa talmeinafræðingar í hálfan dag á viku samhliða starfsfólki leikskólanna með það fyrir augum að lyfta öllu leikskólustarfinu í þágu málþroska. Þannig nýtur starfsfólkið þjálfunar og handleiðslu sérfræðinga í málþroska og allt leikskólustarfið miðar að því að vikka út orðaforðann og tengja við reynsluheim barnsins. Foreldrafræðsla er stór hluti af átaksverkefninu. Það skiptir ekki máli á hvaða tungumáli orðið er sem

barnið lærir - ef það þekkir hugtakið er einfalt að yfirfæra milli tungumála.“

## Mat á árangri

Helga segir að Háskóli Íslands hafi tekið út verkefni varðandi Okkar mál og að margt jákvætt hafi komið út úr því. „Maður sér það sérstaklega leikskólamegin; það er eins og leikskólastigið eigi auðveldara með að taka inn nýja strauma og hugmyndir. Kannski er þetta af því að grunnskólastigið er formfastara. Þó verður að segjast eins og er að Fellaskóli er einn framsæknasti grunnskóli landsins.“

Helga segir að mikill árangur hafi mælst í lesskilningsskimuninni Læsi 2 þremur árum eftir að verkefnið fór af stað. „Við sáum mælanlegan árangur í tvö til þrjú ár en síðan hafa mælitölur gengið eitthvað til baka sem er kannski dæmigert fyrir þróunarverkefni; það kemur oft fyrst mikill meðvindur en svo reynist flókið að halda lengi út.“

Helga segir að stærsti veikleiki verkefnisins sé að það byggi á lykilstarfsmönnum.


„Mannabreytingar hafa haft áhrif á framvindu verkefnisins.

Stjórnendaskipti hafa orðið á starfstímanum í Fellaskóla sem og á Ösp. Sjálf kom ég ný inn í verkefnið haustið 2014 sem verkefnisstjóri Okkar máls.“

## Yrði innbyggt

Fyrsta starfsár Okkar máls var veturinn 2012-2013. „Þetta var upphaflega skilgreint sem fimm ára verkefni en það var enginn tilbúinn til að sleppa verkefninu eftir fimm ár. Þetta er svo góður vettvangur. Mér þætti eðlilegt að alls staðar þar sem aðstæður bjóða upp á yrði sambærilegt samstarf milli skólastiga innbyggt þannig að það væri einhver formlegur vettvangur fyrir samstarf á milli leikskóla og grunnskóla og helst grunnskóla og framhaldsskóla líka.

Ég held að við séum á rétttri leið. Það er margt spennandi að gerast í skólunum og það er styrkur af því að hafa annað svipað þenkjandi fagfólk með sér í liði og sérstaklega þegar leikskólakennarar og grunnskólakennarar eru ekki lengur á hverju stráí. Skólarnir hafa styrk hver af öðrum og fagfólkið sín á milli.“





„Þarna er röddin loks viðurkennd sem atvinnutæki sem atvinnurekandi ber fulla ábyrgð á,” segir Dr. Valdís Jónsdóttir.

# Röddin loks viðurkennd sem atvinnutæki

*Íþróttakennara hafa verið dæmdar bætur vegna raddmissis. Dómurinn markar tímamót og er fordæmisgefandi að mati dr. Valdísar Jónsdóttur, doktors í raddmeinum.*

Akureyrarbær þarf að greiða konu sem starfaði sem íþróttakennari við Lundarskóla skaðabætur eftir að hún varð fyrir raddskaða þegar hún sinnti kennslu árið 2011.

Héraðsdómur Norðurlands eystra felldi dóm í málinu í byrjun apríl og er niðurstaða dómsins sú að starfsaðstæður í téðu íþróttahúsi hafi verið ófullnægjandi. Dómurinn viðurkennir skaðabótaskyldu bæjarins gagnvart íþróttakennaranum.

Málsatvikum er þannig lýst í dómnum að íþróttakennarinn, sem er kona, hafi átt að baki 20 ára feril sem íþróttakennari en atburðir sem leiddu til raddmissis áttu sér stað 5. október árið 2011. Þann dag var konan við kennslu í íþróttahúsinu en dagana á undan hafði verið unnið að framkvæmdum í íþróttahúsinu, gólf hafi verið rífið upp og nýtt lagt. Fram kom í vitnisburði íþróttakennarans fyrir dómi að megn lyktarmengun hafi verið í húsinu og einnig mikið ryk og hávaði. Á þessum degi, segir íþróttakennarinn, rödd sína hafa brostið. Hún hafi verið að útskýra leik fyrir nemendum sínum og hafi annar íþróttakennari þurft að aðstoða hana við að ljúka útskýringunni. Hún hafi reynt að hlífa röddinni og harka af sér næstu vikurnar en síðan leitað læknis í byrjun nóvember. Í dómnum kemur fram að við hafi tekið langt veikindaleyfi og hefur kennarinn ekki

snúið aftur til íþróttakennslu en hafi þó sinnt ýmsum störfum innan skólans eftir þetta.

Íþróttakennarinn hefur verið í raddmeðferð síðan röddin brast en hún hefur ekki skilað viðunandi árangri, röddin er þróttlítil og hefur ekki náð fullnægjandi styrk. Í dómnum kemur fram að ekki sé um það deilt að kennsla í íþróttum reyni mjög á rödd kennara.

## Bæturnar til háborinnar skammar

Dr. Valdís Jónsdóttir, doktor í raddmeinum, segir um tímamótadóm að ræða og að hann sé fordæmisgefandi. „Þarna er röddin loks viðurkennd sem atvinnutæki sem atvinnurekandi ber fulla ábyrgð á. Bæturnar voru hins vegar til háborinnar skammar eða 160.000 kr. fyrir óafturkræfan raddskaða,” skrifar Valdís í grein um málið sem var birt í Fréttablaðinu.

Valdís segir að raddveilir eigi ekki að vera sjálfsagður hlutur. Hún segir bágborna raddheilsu kennara áhyggjuefni um allan heim. „Það er löngu kominn tími á að röddin flokkist undir lýðheilsu og raddveilir sem lýðheilsuvandamál. Nú er bara að sjá hvort fagfélög og fleiri, t.d. ráðamenn, hafi vit á að nýta sér þennan dóm. Það er ósvinna að sá sem skaðar rödd sína í starfi þurfi að sitja uppi með skaðann og rúmlega það,” segir Valdís.

Það er ósvinna að sá sem skaðar rödd sína í starfi þurfi að sitja uppi með skaðann og rúmlega það.

## Óviðunandi starfsaðstæður

Akureyrarbær krafðist sýknu í málinu og byggðist vörnin einkum á því að ekki væri sannað að bærinn ætti sök á raddmissi konunnar. Í því sambandi var einnig bent á að viðkomandi hefði starfað við íþróttakennslu í 20 ár og raddleysi væri „algengur fylgifiskur kennslu, sérstaklega íþróttakennslu,” eins og segir orðrétt í dómnum.

Héraðsdómur féllst ekki á þetta og telur ekki vafa á að bærinn beri ábyrgð á því að aðstæður til kennslu í íþróttahúsinu hafi ekki verið viðunandi. Bænum hafi ekki tekist að sýna fram á að aðstæður til kennslu í íþróttahúsinu hafið verið samkvæmt lágmarkskröfum sem eru gerðar. Því var skaðabótaskylda Akureyrarbæjar viðurkennd, og íþróttakennaranum dæmdar 161 þúsund krónur í skaðabætur og jafnframt var bænum gert að greiða málskostnað að upphæð 2,1 milljón króna.





# Gjafabréf á gjafverði

## NÝTTU FRÍÐ VEL

Tíminn flýgur og sumarfríð er ekki langt undan. Þú getur fengið gjafabréf hjá okkur að andvirði 7.500 kr. fyrir aðeins 6.750 kr. inni á [ki.is](http://ki.is) og flogið á vit ævintýrana í orlofinu.

[airicelandconnect.is](http://airicelandconnect.is)

**Air Iceland  
Connect**





# NEMENDALÝÐRÆÐI Í ÖNDVEGI Í KANADA

Örn Arnarson, Sigurlína Freysteinsdóttir, Finnur Númasson, Gunnhildur Stefánsdóttir, Hulda María Magnúsdóttir, Helena Bergþórsdóttir og Sigurður Þ. Sigurbórsson.

Hópur kennara og skólustjóra sótti ráðstefnu í Kanada og heimsótti í leiðinni skóla með það að markmiði að efla tengsl og samstarf landanna. Skólaheimsóknirnar tókust afar vel og var frumkvæði og virkni í kennslustundum áberandi.

## Höfundar:

Gunnhildur Stefánsdóttir textílkennari, Finnur Númasson smíðakennari, Hulda María Magnúsdóttir samfélagsgreinakennari, Sigurlína Freysteinsdóttir stærðfræðikennari, Helena Bergström, myndmennta- og smíðakennari, Örn Arnarson umsjónarkennari, Sigurður Þ. Sigurbórsson aðstoðarskólustjóri

Hópur kennara frá þremur íslenskum grunnskólum hélt um miðjan apríl á uLead ráðstefnunni í Banff í Kanada. uLead ráðstefnan hefur verið haldin fjögur ár í röð á vegum skólayfirvalda í Alberta fylki, nánar tiltekið Council for School Leadership sem er sérfræðingaráð Kennarasambands Albertafylkis (Alberta Teacher's Association, ATA). Þema ráðstefnunnar þetta árið var hvernig leiða megi skóla með hönnun að leiðarljósi og að ræða í hvaða átt við stefnum sem leiðtogar og kerfi. Vekja átti þátttakendur til umhugsunar um það á nokkuð ögrandi hátt hvers vegna skólustjórnendur og ráðamenn taka þær vísitandi ákvarðanir sem þeir gera til að ná fram ákveðnum námsárangri.

Ráðstefnuna sóttu yfir þúsund skólustjórnendur og kennarar, þar af fjölmargir skólustjórar úr Reykjavík. Um fimmtíu fyrirlesarar hvaðanæva af úr heiminum héldu erindi og vinnustofur. Ráðstefnan stóð yfir í fjóra daga og var um margt áhugaverð. Upphafserindið hélt Rebecca Hare, iðnhönnuður og kennari. Hún heillaði

ráðstefnugesti með líflegri framkomu og staðfestu og velti meðal annars upp eftirfarandi spurningum:

*Creativity. Businesses want to harness it in their employees. Educators want to foster it in their students. Schools want to inspire it in their teachers. Parents want to encourage it in their children. But how do we teach it? How do we measure it? How do we design creativity into an educational system that seems to discourage it at every turn? And how do we as leaders help students tap into it so they're confident learners and problem solvers in any situation?*

Dr. Simon Breakspear fékk það hlutverk að ávarpa ráðstefnugesti í upphafi hvers dags sem hann gerði með einstökum hætti. Simon er þekktur innan menntageirans á alheimsvísu, bæði sem rannsakandi og frömuður í menntamállum. Hans hugleiðingar sem kveiktu í gestum, voru nokkuð almennar en áttu greinilega við alla. Fyrsta morguninn velti hann meðal annars upp eftirfarandi:



*Changing times require schools to become modern learning organisations - that are able to adapt to external shifts, embrace innovation and ultimately improve a range of valued student outcomes. It is the work of educational leaders to create the teams, cultures and organizational routines necessary for schools to become sites of powerful learning for both students and adults.*

## Grundvöllur samstarfs kannaður

Nokkrir háttsettir ráðamenn sóttu ráðstefnuna og má þar meðal annars nefna Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, en hún tók þátt í pallborðsumræðum um námskrá. Í þeim umræðum tóku einnig þátt Judge David Arnot, formaður mannréttindanefndar Saskatchewanfylkis, og David Eggen, menntamálaráðherra Albertafylkis. Ólafur Loftsson, fráfariandi formaður Félags grunnskólakennara, Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur, og Lilja Alfreðsdóttir héldu svo utan um eina málstofuna þar sem menntastefna Reykjavíkurborgar var kynnt auk þess sem sagt var frá vinnu við bókun eitt.

Eftir áhugaverða og fræðandi daga í Banff hélt hópurinn af stað í næsta leiðangur. Tilgangur þessarar ferðar var að kanna grundvöll fyrir samstarfi á milli íslenskra og kanadískra skóla, kennara og nemenda. Skólar í Albertafylki hafa átt farsælt samstarf við bæði Finna og Norðmenn á undanförunum árum. Kennarasamtökum fylkisins þótti því áhugavert að horfa til Íslands með samstarf í huga. Grundvöllur var lagður á ráðstefnu sem fulltrúar allra fjögurra þjóða sóttu á Flúðum í október síðastliðnum. Fulltrúar ATA skipulögðu þá ráðstefnu og sáu einnig um skipulag þessa næsta skrefs í ferlinu, að hittast og „máta sig“ saman. Íslenski hópurinn lagði því spenntur af stað í svolitla óvissuferð en þó með dyggan leiðsögumann, kanadíska skólalæstjórann Ian Baxter, sem hefur mikla reynslu af samstarfi af þessu tagi enda verið hluti af ferlinu hjá ATA frá upphafi.

Fyrri skólinn sem hópurinn heimsótti heitir Banded Peak School, staðsettur í Bragg Creek rétt utan við Calgary. Hann er svokallaður k-8 skóli, fyrir nemendur frá því sem við myndum kalla elstu deild leikskóla og út 8. bekk. Það fyrsta óvænta sem við mættum var íslensk stelpa sem hefur verið búsett í Kanada í mörg ár, Anna Hayne. Hún

kennir í skóla í fylkinu, frétti af íslenskri sendinefnd á leiðinni og fékk leyfi til að mæta á staðinn. Banded Peak er fremur nýlegur sveitaskóli og telur 306 nemendur. Eftir stutta kynningu skipti hópurinn sér upp og kíkti inn í kennslustundir þar sem fram fór afar fjölbreytt starf. Hefðbundið útlit var á kennslustofunum, borð og stólar fyrir nemendur og kennaraborð fyrir kennara, snjalltöflur í flestum stofum. Mikið er lagt upp úr því að rækta tengslin við samfélagið og taka foreldrar virkan þátt í skólastarfinu. Eitt helsta sérkenni skólans er 40 ekra skólalóð sem mikið er nýtt í útikennslu. Nemendur fara út allan ársins hring hvernig sem viðrar, nema allra yngstu börnin sem fara ekki út ef frostið fer niður fyrir 20 gráður. Annars mæta allir klæddir í takt við veðrið hverju sinni. Íslenski hópurinn fór í stutta gönguferð um lóðina og gegndu nemendur hlutverki leiðsögumanna. Það vakti nokkra kátínu (og mögulega smá ugg) í hópnum þegar skólalæstjórinn spurði einn af kennurum skólans hvort bjarnarspreyið væri ekki örugglega með í för. Dýralíf í uppsveitum Alberta er aðeins fjölbreyttara en það íslenska.

## Frábærar móttökur

Frá Bragg Creek lagði hópurinn aftur af stað í bílferð. Vegalengdirnar eru öllu lengri þarna megin en fólk virðist ekki setja það fyrir sig að aka upp undir klukkustund til vinnu. Nemendur þurfa jafnvel að eyða álíka löngum tíma í skólabílum. Síðari skólinn sem var heimsóttur heitir New Norway School og er í samnefndum bæ sunnan við Edmonton. Ætlunin var að keyra beint á hótél til að hvíla sig fyrir skólaheimsóknina næsta dag en hópurinn fékk óvænt boð á lacrosse leik ungmenna í Camrose, næsta bæ við. Leikurinn reyndist hin besta skemmtun og heimaliðið fékk mikinn stuðning Íslendinganna sem vöktu athygli fyrir hvatningarrop úr stúkunni.

Næsta dag mætti hópurinn í New Norway School, í samnefndum bæ, þar sem nemendur höfðu séð um að undirbúa alla dagskrá. Það fyrsta sem tók á móti hópnum var skilti sem bauð íslensku sendinefndina velkomna. Eftir að hafa hlustað á kanadíska þjóðsönginn, sem er spilaður í hátalarakerfi skólans á hverjum morgni, var haldið inn í íþróttasalinn. Þangað komu allir nemendurnir en skólinn er k-12 skóli, frá leikskóla alveg út menntaskóla (high school). Nemendurnir

# Frumkvæði og virkni í kennslustundum var áberandi, mikið er lagt upp úr nemendalýðræði, að nemendur séu virkir þátttakendur í náminu.

settust á áhorfendapallana en Íslendingarnir í stóla þar fyrir framan, aðeins stillt upp til sýnis. Spilað var kynningarmyndband um skólann sem útbúið var af nemendum, yngstu nemendurnir færðu svo hópnum fjöldann allan af teikningum sem höfðu verið gerðar sérstaklega fyrir þessa heimsókn. Ekki laust við að fólk yrði ögn klökkt. Eftir að hafa svarað nokkrum spurningum frá nemendum ákvað hópurinn að kenna viðstöddum vikingaklappið við mikinn fögnuð. Þá skipti hópurinn sér upp og fékk að kíkja inn í kennslustundir áður en farið var í hádegisverð sem heimilisfræðihópur nemenda í 12. bekk útbjó. Ekki var hægt að yfirgefa svæðið án þess að prófa hina nýuppöttaðu íþrótt lacrosse og var spilaður afar fjörugur leikur með nemendum áður en haldið var af stað til Edmonton þaðan sem fljúga átti heim til Íslands.

## Frumkvæði og virkni

Eitt af því sem vakti hvað mesta athygli hópsins í þessari ferð var hversu tilbúnir nemendur voru að ræða verkefni sín og gera grein fyrir þeim. Sama hvort það var á yngsta stigi, miðstigi eða unglingsstigi þá voru nemendur ekki bara með það á hreinu hvað þeir voru að gera heldur gátu alltaf líka útskýrt tilganginn, hvaða hugsun lá að baki framkvæmdinni. Frumkvæði og virkni í kennslustundum var áberandi, mikið er lagt upp úr nemendalýðræði, að nemendur séu virkir þátttakendur í náminu. Í heildina var hópurinn afar ánægður með hvernig til tókst, bæði fræðilega hlutann í upphafi en ekki síður skólaheimsóknirnar í síðari hluta ferðarinnar. Slíkar heimsóknir bæði opna augun fyrir nýjum hlutum en ekki síður fyrir því sem vel er gert í eigin umhverfi, það má ekki vanmeta.

# Markmiðið að efla einstaklinginn eins og hann er – ekki breyta honum

Nemendur á hönnunar- og nýsköpunarbraut Tækniskólans unnu að verkefni í samstarfi við Kennarasambandið fyrr á þessu ári. Verkefnið var að hanna forsíðu Handbókar kennara 2018-2019 og skiluðu nemendurnir frábæru verki. Engan grunaði þá að útgáfu Handbókarinnar yrði hætt en ákvörðun þess efnis var tekin á sjöunda þingi KÍ, sem fram fór í apríl, en þingið er æðsta vald í málefnum kennarasamtakanna.

Þótt ekki verði af útgáfu Handbókar kennara á þessu kjörtímabili standa forsíðumyndirnar fyrir sínu og nemendurnir fengu þjálfun í að vinna raunhæft verkefni. Ólavía Rún Grímsdóttir hlaut verðlaun fyrir bestu forsíðumyndina, þá sem hefði prýtt nýja handbók. Önnur og þriðju verðlaun komu sameiginlega í hlut Katrínar Árnadóttur og Mary Jemrio Soriano Malana. Nemendurnir eiga allir hrós skilið fyrir vandaða og faglega vinnu.

Skólavardan settist niður með þeim Helgu Guðrúnu og Þórdísi og forvitnaðist um þessa stúdentsbraut sem kallast Hönnunar- og nýsköpunarbraut.

„Þessi braut er frekar ný af nálinni en við erum nú á fjórðu önn frá stofnun hennar. Brautin byggir á hönnunarbrautum sem voru annars vegar í Tækniskólanum og hins vegar í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Þegar Tækniskólinn tók yfir skólann í Hafnarfirði vorum við Þórdís fengnar til að setja upp þessa braut og byggja hana á nýju námskránni frá 2011,“ segir Helga Guðrún.

Að setja á stofn nýja námsbraut til stúdentsprófs er ekki gert á einum degi og unnu þær Helga Guðrún og Þórdís að undirbúningi í rúmt ár. „Við nutum mikils stuðnings stjórnenda skólans og fengum tíma til að móta hugmyndafræðina sem býr að baki. Við sáum fljótt að við vildum nýta skólann betur vegna þess að vinna við hönnun og nýsköpun fer þvert á greinar.



Verðlaunahafarnir: Ólavía Rún Grímsdóttir hlaut fyrstu verðlaun og stóð til að mynd hennar myndi prýða Handbók kennara 2018-2019. Katrín Árnadóttir og Mary Jemrio Soriano Malana voru jafnar í 2. til 3. sæti. Hægt er að skoða allar myndirnar á vef Skólavörðunnar, [www.skolavardan.is](http://www.skolavardan.is).



Aftari röð frá vinstri: Þórdís Zoëga, Katrín Árnadóttir, Valbjörg Rúna Björgvinsdóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Seifur Logi Sigurbjörnsson, Ólavía Rún Grímsdóttir, Helga Guðrún Helgadóttir. Fremri röð frá vinstri: Sólrún Garðarsdóttir, Aldís Eva Geirharðsdóttir, Elisabet Praowphilai Torp, Mary Jemrio Soriano Malana. Myndin var tekin þegar nemendur kynntu hugmyndir sínar.

Þess vegna var hugsunin að nýta verkstæðin hér í skólanum og þá faglegu þekkingu sem þar er,“ segir Þórdís.

Verkstæðin sem nemendur Hönnunar- og nýsköpunarbrautar fá að kynnst eru gullsmíði, trésmíði, rafmagn, tækniteiknun,





## FALLEG FORSÍÐA Á HANDBÓK SEM KEMUR EKKI ÚT

„Þetta var ánægjulegt verkefni í alla staði og mjög gott að geta lagt raunhæf verkefni fyrir hópinn. Í svona vinnu fá nemendur tilfinningu fyrir hvað þarf til að skila af sér slíku verkefni en ekkert þeirra hafði reynslu af myndskreytingu af þessu tagi,“ segir Helga Guðrún Helgadóttir, brautarstjóri á hönnunar- og nýsköpunarbraut Tækniskólans, en hún stýrði verkefninu ásamt Þórdísi Zoëga sem stýrir brautinni með henni.

Ekkí verður annað sagt en hönnun forsíðu Handbókarinnar hafi tekist vel en allar kápur eru fallegar og bera

hugmyndaauðgi nemenda gott vitni. Ferlið var þannig að nemendur fengu alhliða kynningu á Kennarasambandinu, uppbyggingu þess og aðildarfélögum og auðvitað Handbókinni sem kennarar á öllum skólastigum hafa notað um langt árabil.

Nemendurnir unnu að verkefninu í rúman mánuð og héldu síðan kynningu fyrir dómnefnd þar sem þeir skýrðu hugmyndina að baki sinni mynd. Það er von ritstjóra Skólavörðunnar að nemendurnir hafi haft bæði gagn og gaman af verkefninu og fá þeir bestu þakkir fyrir.

ljósmyndun, grafísk forrit og prentun. „Þau kynnast mismunandi aðferðum og efnum og finna sitt áhugasvið sem þau geta hugsanlega farið inn á síðar. Vinnan á verkstæðunum breiðkar sjóneldarhringinn,“ segir Helga Guðrún.

„Hugsunin hjá okkur er að leggja áherslu á sköpun og frumkvæði – að nemendur finni sig sjálfa. Þetta er ekki páfagaukalærdómur heldur er markmiðið að efla einstaklinginn eins og hann er, ekki breyta honum,“ segir Þórdís.

Hönnunar- og nýsköpunarbraut er þriggja ára stúdentsbraut sem undirbýr nemendur undir háskólanám í hönnun, arkitektúr eða annað skapandi nám. Innan brautarinnar er líka boðið upp á eins árs fornám fyrir þá sem eru þegar búnir með stúdentspróf. Markmiðið í náminu er að vinna með hönnun og nýsköpun í tengslum

við umhverfi og sjálfbærni. Báðir þessir hópar undirbúa ferilmöppu á lokaönninni í náminu sem þeir geta lagt fram í umsóknarferli um framhaldsnám.

Lögð var áhersla á að vandað væri til allra þátta við samsetningu brautarinnar og frá upphafi voru lagðar skýrar línur með bóklegu fögin – svo sem áhersla á stærðfræði. „Við leggjum áherslu á að nemendur útskrifast héðan með gott stúdentspróf,“ segir Þórdís.

Hingað til hefur brautin gengið vel en fyrstu stúdentarnir útskrifast af henni eftir eitt ár. „Við erum með frábæra nemendur og þeir eru sérstakir að því leyti að þeir koma einir hingað, ekki í vinahópi eins og kannski er algengt í öðrum skólum. Þetta eru krakkar sem eru sjálfstæðir og koma vegna áhuga á því sem hér er kennt,“ segir Helga Guðrún.

## IN MEMORIAM



Handbók kennara á sér langa sögu innan kennarasamtakanna. Forsíður bókanna prýða anddyri Kennarahússins og er sú elsta frá 1989. Þær bera tíðaranda og tískastraumum á hverjum tíma gott vitni. Nú hefur útgáfu bókarinnar verið hætt og stendur sú ákvörðun að minnsta kosti út þetta kjörtímabil eða til ársins 2022.

# Kjötbollustríð geisar í dönsku skólakerfi



Á að bjóða upp á svínakjöt í skólum? Þessi spurning hefur mikið verið rædd í Danmörku og vegast á tvö sjónarmið; tillitsemi við múslima og gyðinga sem ekki borða svínakjöt og svo sú staðreynd að svínakjöt hefur um aldir verið einn þjóðaréttur Dana og jafnvel talið eins konar þjóðartákn. Borgþór Arngrímsson kynnti sér málið.

Eins og margar aðrar þjóðir hafa Danir upplifað stríð. Oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Hæst ber tvær heimsstyrjaldir, 1864 stríðið, Kalda stríðið, stríð við Svía og Engendinga og fleira mætti nefna. Orðið sjálft fól í sér ákveðinn óhugnað en notkunin hefur breyst í þessum heimshluta. Á síðari tímum eru það einkum þeir sem selja vöru og þjónustu sem nota þetta orð til að koma sínum boðskap á framfæri: verðstríð. Þess konar stríð er, ef marka má auglýsingar, eilíf barátta þar sem kúnninn á alltaf sigurinn vísan. Sigurinn felst í því, svo dæmi sé tekið, að krækja í ódýrasta farsímamann þegar verðstríðið geisar, þrjú smjörstykki á verði tveggja o.s.frv.

Í dönskum fjölmiðlum hefur undanfarin ár mikið verið fjallað um það sem kallað er kjötbollustríðið. Þótt kjötbullur séu stundum kallaðar handsprengjur á þetta stríð ekkert skylt við eiginlegt vopnaskak. Það hefur hins vegar orðið að samheiti yfir langar, og á stundum tilfinningaþrungnar, deilur um hvaða mat eigi að bera á borð fyrir börn í dönskum leikskólum. Kjötbollustríðið snýst um svínakjöt.

## Undirstöðufæða um aldir

Ef spurt er í könnunum hvað fólk detti í hug þegar minnst er á danskan mat nefna flestir purusteik, pylsur, kjötbullur, lifrarkæfu og svo kannski „smørrebrød“ og rauðsprettu. Það er ekki tilviljun að í fjórum efstu sætunum eru réttir sem að mestu eða öllu leyti samanstanda af svínakjöti. Engin þjóð í Evrópu hesthúsar jafnmikið svínakjöt og Danir og það er ekki nýtilkomið. Sagnfræðingurinn Else Marie-Boyhus, sem er einn helsti fræðimaður Dana hvað varðar sögu danskra matarsíða og fæðuvals, segir í bók sinni „Grisen – en køkkenhistorie“ að svínakjötið sé eins konar þjóðartákn Dana. Svínin hafi öldum saman verið



Í júlí árið 2013 greindu danskir fjölmiðlar frá því að í leikskólum í sveitarfélaginu Ishøj, fyrir vestan Kaupmannahöfn, yrði framvegis ekki boðið upp á rétti sem innihéldu svínakjöt. Þessar fréttir vöktu mikla athygli og í kjölfarið hófust miklar umræður og deilur.

undirstöðufæða dönsku þjóðarinnar og séu það enn. Fyrir svo sem tvö hundruð árum hafi nánast á hverjum einasta bóndabæ í landinu verið alin svín og kjötið haft til heimilisnota og sölu í nágrenninu.

## 14 milljónir á fæti

Samkvæmt tölum frá danska landbúnaðarráðuneytinu eru nú um það bil 14 milljónir grísa í landinu, en árið 1950 voru danskir grísir um það bil 4 milljónir. Til samanburðar má nefna að í Svíþjóð, sem er langtum fjölmennara land, eru tæplega 2 milljónir grísa á fæti. Þrátt fyrir að Danir borði mikið svínakjöt fer stór hluti kjötsins til annarra landa og útflutningurinn skiptir miklu máli í dönskum þjóðarbúskap. Þótt samkeppni við svínakjötið hafi aukist til muna á síðustu áratugum (ekki síst

kjúklingakjöt) heldur svínakjötið alltaf sínum hlut, enda hafa samtök svínabænda áratugum saman auglýst mikið. Árið 1957 hófu þeir mikla auglýsingaherferð „Gris på gafflen“ sem varð til þess að salan jókst til muna og síðan hafa þeir reglulega minnt á sig, gefið út matreiðslubækur, auglýst í blöðum o.s.frv.

## Mikil fjölgun múslima

Árið 1980 voru tæplega 30 þúsund múslimar í Danmörku. Í dag eru þeir um það bil 270 þúsund. Þetta er mikil fjölgun og þýðir að múslimar eru um það bil 4,7 prósent íbúa landsins. Margir Danir standa (samkvæmt könnunum) í þeirri meiningu að múslimarnir séu miklu fleiri en raunin er, en það stafar líklega af því umræðan um þá hefur verið fyrirferðarmikil um árabíl.



Múslimarnir hafa um margt aðra síði en Danir hafa átt að venjast og það á ekki síst við um mataræðið, þar sem múslimar (sem og gyðingar) borða ekki svínakjöt. Þeir um það kynni einhver að segja, en málið er kannski ekki alveg svo einfalt. Múslimarnir eiga börn og þau eru í sömu leikskólum og grunnskólum og önnur börn af dönskum uppruna.

### Að bjóða eða ekki bjóða upp á svínakjöt

Í júlí árið 2013 greindu danskir fjölmiðlar frá því að í leikskólum í sveitarfélaginu Ishøj, fyrir vestan Kaupmannahöfn, yrði framvegis ekki boðið upp á rétti sem innihéldu svínakjöt. Þessar fréttir vöktu mikla athygli og í kjölfarið hófust miklar umræður og deilur. Fram til þess tíma höfðu málin verið leyst í hverjum skóla fyrir sig án þess að það ylli átökum og yrði sérstakt fréttæfni. Slíkar ákvarðanir hafa ekki ætíð mælst vel fyrir og sveitarstjórnarmenn hafa margoft tekið fram fyrir hendurnar á stjórnendum viðkomandi skóla. Sem dæmi má nefna að árið 2016 samþykkti

bæjarstjórnin í Randers á Jótlandi að leikskólum þar yrði skylt að bjóða upp á svínakjötsrétti. Fleiri sveitarfélög fylgdu í kjölfarið.

### Þingmenn á móti svínakjötsbanni

Fyrir nokkru greindu talsmenn þriggja stærstu flokkanna á danska þinginu, Folketinget, frá því að þeir væru sammála um að leggja yrði ákveðnar línur varðandi mataræði í uppeldisstofnunum. Þær línur, sem nú hafa verið lagðar, snúa fyrst og fremst að því að svínakjöt verði ekki gert útlægt. Rökin fyrir því að leggja slíkar línur segja talsmenn flokkanna þriggja (sósíaldemókrata, Venstre og Danska þjóðarflokksins) þau að með því séu stjórnendur leikskólanna leystir undan þrýstingi frá foreldrum og forráðamönnum. Sumir stjórnendur hafi algjörlega beygt sig fyrir kröfum um að svínakjöt yrði ekki borið á borð þótt börn sem ekki megi borða það séu í algjörum minnihluta. Slíkt gangi ekki heldur verði að tryggja að tekið sé tillit til allra sjónarmiða. Þegar þingmenn hófu að setja saman „reglurnar“

var tiltekið að danskar matarhefðir skyldu tryggðar í dönskum leikskólum. Síðar kom í ljós að sums staðar var rúgbrauð, kartöflur og grænmeti látið duga sem dönsk hefð, en stjórnámálamennirnir skerptu þá áherslurnar og gerðu það skylt að hafa svínakjöt á matseðlinum.

### Eiga stjórnámálamenn að skipta sér af matseðlum?

Um það eru skoðanir skiptar, bæði á þinginu og meðal almennings. Flestir virðast, miðað við kannanir, vera þeirrar skoðunar að reglur þurfi að vera. Þær þurfi að taka tillit til allra sjónarmiða og virða sérþarfir einstakra hópa, án þess að ganga á rétt hinna. Bertel Haarder, þingmaður og fyrrverandi ráðherra sem sat í vinnuhópnum, sagði að það kæmi kannski mörgum spáskt fyrir sjónir að þingmenn væru að blanda sér í hvað boðið væri upp á í mötuneytum leikskólanna. „Það hefur oft gerst að ákvarðanir þingsins hafi þótt undarlegar, en iðulega komið í ljós að þær hafi átt rétt á sér. Ég hygg að þetta svokallaða kjötbollustríð sé í þeim hópi,“ sagði Bertel Haarder.



**Mikið úrval af  
Föndur- og Myndlistarvörum  
á frábæru verði**

Föndurlist - Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði  
s. 553 1800 - [www.fondurlist.is](http://www.fondurlist.is)



## Kennaraferðir

Fararsnið hefur langa reynslu í að skipuleggja ferðir fyrir kennarahópa, bæði á sýningar og ekki síður skólaheimsóknir.

Þar er blandað saman áhugaverðum skólastefnum og sækralífi, ásamt léttum gönguferðum í sveit og borg.

Fararsnið ehf. - Lundur 17, 200 Kópavogi  
[jonkarl@fararsnid.is](mailto:jonkarl@fararsnid.is)

# Þarf að breyta náminu aftur í fjögur ár

Hrafnhildur Blomsterberg hefur stjórnað Kór Flensborgarskólans í rúm 20 ár. Hún er ekki sátt við styttingu náms í framhaldsskólum úr fjórum árum í þrjú og segir að það komi meðal annars niður á kórstarfinu.

Texti og myndir: Svava Jónsdóttir



Hrafnhildur Blomsterberg. „Hvað verður um okkar miklu kórhefð þegar þessum aldursþópi verður kipt úr keðju tónmenntunar og kórsöngs? Það sem ég er svo hrædd um er að þarna munum við missa einn hlekk úr þessari þróunarkenndu kórstarfs á Íslandi sem við höfum verið þekkt fyrir; þetta dásamlega áhugamál sem Íslendingar hafa átt – að syngja í kórum og kynnast allri þessari tónlist og ljóðum.“

Hrafnhildur Blomsterberg hefur í rúm 20 ár stjórnað Kór Flensborgarskólans og segir hún að að jafnaði syngi um 10% nemenda skólans í kórnum.

„Við höldum tvenna tónleika á ári, jólatónleika og vortónleika, og fyrir jólatónleikana þurfa kórmeðlimir að hafa lært um 25 laga efnisskrá utanbókar. Við förum í æfingabúðir tvisvar á ári, við höfum farið í tónleikaferðir um Ísland annað hvert ár og ég hef farið með skólakórinn til útlanda annað hvert ár þar sem við höfum tekið þátt í kórakeppnum en þó aðallega kóramótum.“

Fyrir utan kór skólans stjórnar Hrafnhildur einnig framhaldskór sem í eru fyrrum nemendur skólans á aldrinum 20-35 ára.

„Ég legg áherslu á góða, íslenska kórtónlist sem tengist arfleifð okkar og hefð auk þess sem ég vel líka nýja tónlist eftir íslensk tónskáld. Það hafa verið saminn kórverk sérstaklega fyrir kórin. Svo legg ég líka áherslu á góða og vandaða kórtónlist alls staðar að úr heiminum. Ég hef haldið mig innan sígildrar kórtónlistar og hef reynt að hafa þetta fjölbreytt. Ég lít á þetta sem uppeldisatriði. Það er menntun fyrir kórmeðlimi að kynnast öðru en því sem þeir heyra í útvarpi og sjónvarpi. Ég hef verið með fjögurra til 12 radda lagaval fyrir kórin sem meðlimir hans hafa vel ráðið við. Það er hægt vegna þess að ég hef hingað til haft fjögur ár til að vinna með hverjum og einum.“

## Stórt skarð

Hrafnhildur segir að kórstarfið sé afskaplega mikilvægt starf í Flensborgarskólanum. „Það má segja að kórin sé stofnun innan stofnunarinnar. Flensborgarskólinn er fjölbrautaskóli og það er ekki mikið um hópa í skólanum af því að þar er ekki bekkjarkerfi og þar kemur kórin mjög sterkur inn sem hópefli. Þar kynnast nemendur vel, þeir kynnast því hvernig er að vinna saman og þeir stefna að sama takmarki. Þeir læra líka að hlusta á annars konar tónlist en síbyljuna, þeir kynnast íslenskrari arfleifð í söng og ljóðum auk þess að kynnast tónlist alls staðar að úr heiminum.“

Hrafnhildur segir að flestir sem byrja í kórnum hafi aldrei áður sungið í kór og að mikilvægt sé að mæta á æfingar. „Nýir kórmeðlimir komast frekar fljótt af stað af því að í kórnum eru meðal annars félagar sem eru þar á sínu fjórða ári og eru komnir með mikla reynslu og orðnir vel þjálfaðir í nótnalestri og söng. Og það er það sem er svo sorglegt við styttingu framhaldsskólánámsins – þetta unga fólk nær ekki að öðlast dýpt í þessa reynslu. Ég missi frá mér reynsluboltana sem leiða hina af stað þannig að boltinn fari að rúlla hratt, vel og örugglega. Þarna er stórt skarð hoggíð í svona vinnu.“

## Mikil áhrif

Hrafnhildur segir að þegar farið var á sínum tíma að ræða um hugmyndina um styttingu framhaldsskólánámsins úr fjórum árum í þrjú hafi hríslast um sig





hræðsla sem tengdist því að þá tæki eitthvað annað við. „Og það er að koma á daginn núna. Nú eru komin þrjú ár og fyrsti útskriftarárgangurinn er að útskrifast í vor eftir þriggja ára nám. Það er að koma berlega í ljós að þetta hefur áhrif ekki bara á kórstarfið heldur alla aðra starfsemi innan skólans. Nemendur hafa einfaldlega hvorki tíma né orku í allt. Þeir finna sumir fyrir pressu til að ljúka skólanum á þremur árum þótt þeir þurfi þess ekki. Þeir sleppa þess vegna ýmsu sem væri þroskandi fyrir 16-20 ára nemendur að stunda. Það er gott að byggja ofan á almenna námið reynslu sem tengist til dæmis tónlist og því að syngja í kór. Styttning á að hafa farið fram en margir líta svo á að lítið hafi verið stytt, frekar hafi verið troðið þannig að í raun sé verið að kenna á þremur árum það sem kennt var á fjórum árum. Það átti ekki að vera þannig. Í Flensborg erum við með línur eða svið sem tengjast inn á stúdentsbrautirnar. Það er til þess að nemendur sem eru með sérsvið þurfi ekki að velja á milli skólans eða hæfileikanna. Þannig er stórt íþróttaafrakssvið og vaxandi listnáms svið í þróun. Loks er það félagslífssvið sem tengist skátunum, Landsbjörgu og fleiru. Einn stærsti punkturinn er til dæmis sá að þegar nemandi þarf að sinna stórum viðburðum innanlands eða erlendis þá skuldbindur skólinn sig til þess að hliðra til þannig að viðburðurinn verði ekki til þess valdandi að fella nemandann. Þetta er orðið erfitt að efna í dag.“

Hrafnhildur tekur fram að þegar hún tali um þetta sé hún með meðalmandann í huga. „Ég hef alltaf haft kórmeðlimi sem hafa lokið náminu á þremur árum og verið í hinum ýmsu tómsundum fyrir utan skólann

og jafnvel dúxáð. Svo hef ég líka verið með kórmeðlimi sem hafa þurft að ströggla þegar kemur að náminu og allt þar á milli. Það þarf að taka tillit til allra þessara þátta.“

### Hafa ekki tíma

Hrafnhildur segir að undanfarin ár eða frá því ákveðið var að stytta skólann fái hún oftar beiðnir um frí frá kórmeðlimum. „Þeir biðja stundum um frí af kóræfingu vegna þess að það er svo mikið að gera í heimavinnunni.“

Hrafnhildur segir að sumir hafi sagst þurfa að hætta í kórnum vegna þess að þeir komast ekki yfir þetta allt. „Og þeir eru þá mjög sorgmæddir. Þetta er orðið æ algengara. Þessir krakkar þurfa að klippa af því sem þroskar þá á annan máta heldur en fasta skólasterfið gerir og kórstarfið er eitt af því. Við finnum það í Flensborg að 200 eininga nám er mikið nám ef nemendur ætla að klára það á þremur árum. Í raun er hugsunin á bak við einingarnar sú að nemendur fái 30 einingar fyrir fulla önn, 60 einingar fyrir veturinn og 180 einingar á þremur árum. 200 eininga nám er því í raun hátt í sjö anna nám en ekki sex anna nám. Það er búið að sníða skólanum mjög þröngan stakk með þessu þriggja ára námi. Álag og streita er meira áberandi en áður á meðal nemenda. Hvað varð um hugmyndina um heilsueflandi framhaldsskóla og skóla jákvæðrar menntunar og núvítundar? Það virðist ekki vera pláss fyrir það lengur vegna þess að það þarf að keyra allt áfram.“

### Öðruvísi aðferðir

Hrafnhildur segir að hún telji að stytting framhaldsskólanámsins muni að lokum koma allverulega niður á kórstarfi í framhaldsskólum.

## Það er menntun fyrir kórmeðlimi að kynnst öðru en því sem þeir heyrta í útvarpi og sjónvarpi.

„Hvað verður um okkar miklu kórhefð þegar þessum aldursþópi verður kippt úr keðju tónmenntunar og kórsöngs? Það sem ég er svo hrædd um er að þarna munum við missa einn hlekk úr þessari þróunarkeðju kórstarfs á Íslandi sem við höfum verið þekkt fyrir; þetta dásamlega áhugamál sem Íslendingar hafa átt – að syngja í kórum og kynnst allri þessari tónlist og ljóðum.“

Hrafnhildur segir að stytting framhaldsskólanáms hafi haft áhrif á hvernig hún hugsar um framtíðina og hvað hana langar til að gera. „Ég fer ekkert í grafgötur með það að ég er undir meira álagi en áður. Þetta kallar á öðruvísi aðferðir hjá mér. Þetta kallar náttúrulega á aukavinnu. Maður treður hins vegar ekki tónlist inn í fólk. Það verður að lofa því að upplifa og njóta. Ég hef svolitlar áhyggjur af því hvort þetta muni halda áhuga mínum og kórfélaganna gangandi vegna þess að þeir verða að sjá að þeir hafi náð árangri en það er ekki hægt að hraðsjóða árangur. Hann verður að koma smátt og smátt með vellíðan en ekki með ítrodslu. Það bara gengur ekki.“ Hrafnhildur segir að það þurfi að breyta náminu aftur í fjögur ár. „Svo einfalt er það í mínum huga. Og ef það þarf endilega að stytta þetta og koma fólkinu fyrr út í framhaldsnám eða út í atvinnulífið þá myndi ég frekar vilja sjá þessa breytingu á grunnskólastiginu.“



# Starfspróun leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar

Í febrúar fór fram ráðstefna um starfspróun og mikilvægi hennar fyrir framþróun skólastarfs. Menntavísindasvið Háskóla Íslands, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kennarasamband Íslands, stóðu fyrir ráðstefnunni um þetta mikilvæga mál þar sem markmiðið var að efna til samtals meðal þeirra sem koma að starfspróun kennara.

Björk Óttarsdóttir er formaður samstarfsráðs um starfspróun kennara og skólastjórnenda og fór hún yfir störf ráðsins í setningarávarpi ráðstefnunnar. Hlutverk samstarfsráðsins er að vera vettvangur fyrir samstarf og samráð aðila um starfspróun kennara, skólastjórnenda og annarra fagstétta skóla.

„Starfspróun er samfellt, meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Stefnumiðuð starfspróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hún hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi,“ sagði Björk.

Starfspróun er í raun ævilöng menntun benti Björk á, en menntun er sameiginlegt forgangsverkefni stjórnvalda og þeirra sem eiga aðkomu að menntakerfinu í landinu. Einnig er áhersla á nýliðun í kennslu og

að auka áhuga á nýliðun. Björk sagði að skapa þurfi góðar aðstæður og möguleika á fjölbreyttri menntun og starfspróun fyrir kennara alla starfsævi með skipulagi, tíma, fræðslu og faglegum stuðningi við allra hæfi. Leggja þarf áherslu á þekkingu og reynslu reyndra kennara þannig að það nýtist öðrum kennurum og skólastarfinu í heild. Skapa þarf reyndum kennurum starfspróun til samræmis við reynslu þeirra og hlutverk. Styðja þarf við fjölbreytta aðkomu háskóla að starfspróun kennara og stuðla að nánum tengslum háskóla og starfsvettvangs.

Björk benti á mikilvægi leiðsagnar og endurgjöf. „Skapa þarf nýliðum og leiðsagnarkennurum aðstæður í starfi til að fá leiðsögn og til að veita leiðsögn. Skilgreina þarf fjölbreytt stoðkerfi við skóla og stuðningskerfi til að halda utan um vettvangsnám kennaranna, leiðsögn við nýliða og aðra starfandi kennara. Einnig þurfa skólar fjármuni til að

skipuleggja og bjóða upp á fjölbreytta starfspróun á vinnustað. Skilgreina þarf hvaða tími og fjármunir til starfspróunar eru nú þegar til staðar í kerfinu og meta hvernig núverandi tími og fjármagn nýtist. Í framhaldinu verði settar fram tillögur um hvernig tími og þessir þættir eigi að nýtast til að markmiðum tillagna fagráðsins verði náð,“ sagði Björk.

Að lokum lagði Björk áherslu á að samstarfsráð um starfspróun eigi að tryggja að áfram verði haldið með starf fagráðsins. Hún benti fólki á að fylgjast með starfinu á vefslóðinni starfsthroukennara.is en þar má finna allar upplýsingar um starf ráðsins. Þar eru rafræn gögn geymd og áhugaverðu efni sem tengist starfspróun kennara og skólastjórnenda er miðlað þar.

„Starfendarannsóknir veita kennurum kjark og þor til að gera breytingar á starfinu, auka starfsánægju þeirra, færa þá nær nemendum og hvetja til þverfaglegs samstarfs.“



## STARFSHÓPAR SAMSTARFSRÁÐS:

- Kynningarhópur
- Þarfagreiningarhópur
- Stoðkerfishópur
- Brotthvarfs- og nýliðunarhópur

Þær hafa áhrif á sjálfsmynd kennara, veita kennurum vald yfir eigin þekkingu á starfinu og leiða til varanlegra breytinga á kennsluháttum. En þær valda einnig togstreitu vegna tímaskorts þar sem hvorki er gert ráð fyrir sérstökum tíma fyrir rannsóknir né þverfaglegs samstarf þannig að starfendarannsóknin bætist ofan á allt annað. Sumir finna fyrir óöryggi gagnvart rannsóknaraðferðum og telja sig þurfa meiri stuðning þar. Einnig er erfitt að gagnrýna eigið starf og það tekur á að gera breytingar því alltaf er eitthvað sem gengur ekki vel til að byrja með. Þá geta hópurinn og ytri ráðgjafinn veitt mikilvægan stuðning. Einnig er hér mikilvægt að afla fjölbreyttra gagna og hlusta á raddir nemenda. Hefð og samningar gera ráð fyrir samstarfi kennara í sínum faggreinum á meðan starfendarannsóknarhópurinn er þverfaglegur,“ sagði Hjördís Þorgeirsdóttir, félagsfræðikennari við Menntaskólann við Sund en erindi hennar má finna í heild sinni á vef Skólavörðunnar, skolvardan.is.

„Mikill kraftur var í kennarahópnum og vilji til að halda áfram með verkefnið eftir að fyrsta árinu lauk. Í kjölfarið hófst þriggja ára þróunarvinna þar sem spjaldtölvur voru innleiddar í leikskólastarfið með nýsköpun í kennsluháttum að leiðarljósi. Markmiðið var áfram að vinna með málið á skapandi hátt en nú í gegnum sögu-, rafræða- og myndbandagerð. Frá upphafi var lagt upp með að líta á snjalltæknina sem verkfæri og nýja leið til að læra. Sett voru skýr markmið um hvernig tæknin var nýtt í starfinu og mikið lagt upp úr að sköpunargleðin fengi að njóta sín í verkum barna og kennara. Þegar verkefnið hófst var til ein spjaldtölva í skólanum en í dag hefur hver hópstjóri, auk sérkennslustjóra, spjaldtölvu til afnota fyrir sig og sinn hóp. Frá upphafi var mikið lagt upp úr jafningjafræðslu og að kennarar hjálpuðust að við að læra á tækin,“ sagði Íris Hrönn Kristinsdóttir, verkefnastjóri þróunarverkefnis í leikskólanum Krógabóli og leikskólakennari. Erindi hennar má finna í heild sinni á vef Skólavörðunnar, skolvardan.is.

Skólavefurinn.is kynnir

# Hvar eru löndin í heimsálfunum?



## Gönguferðin þín er á utivist.is



### Fjölbreyttar ferðir bíða þín

- Gönguferðir
- Hjólaferðir
- Jeppaferðir
- Langar ferðir
- Stuttar ferðir
- Jöklaferðir
- Bækistöðvaferðir
- Fjallaferðir
- Fjöruferðir



Ópöð alla virka daga kl. 12-17  
**ÚTIVIST**

Laugavegi 178 - 105 Reykjavík - Sími 562 1000 - utivist@utivist.is



# NEMA HVAÐ!

Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ávarpaði málþingið. Hún sagði fjölbreytni og val lyklatríði í skólakerfinu.

## Hvað þarf til að efla list- og verkgreinar í íslensku skólakerfi?

„Ef auka á virðingu og áhuga á á list-, verk- og tæknigreinum til að aðsókn í þær aukist í framhaldsskólanum þarf að byrja vinnuna með grunnstöðunum í leik- og grunnskólunum. Þá er grundvallaratriði að uppfylla viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár varðandi tímamagn í kjarna í þessum greinum. Auk þess að tryggja að fagmenntaðir kennarar kenni þessar greinar í öllum árgöngum.“

Svo hljóðaði ein af fjölmörgum tillögum sem voru settar á hugmyndavegg málþingsins Nema hvað! Efling list- og verkgreina sem haldið var í yfirfullum sal veitingahússins Nauthóls í mars síðastliðnum. Að málþinginu stóðu skólamálaráð KÍ og kennarar í list- og verkgreinum.

Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Skólamálaráðs, setti málþingið. Hún sagði málþingið eiga bakgrunn í samþykkt um eflingu list- og verknáms í menntakerfinu sem var samþykkt á 6. Þingi KÍ árið 2014. Að loknu því þingi var hafist handa og fyrsta skrefið var að sögn Aðalheiðar að leita til

fagfólksins í skólunum og í framhaldinu varð til formlegur samstarfsvettvangur.

„Síðan þá höfum við fengist við ýmislegt, sent erindi til ráðherra, farið yfir lög og námskrár, kynnt okkur skýrslur og rannsóknir, farið í skólaheimsóknir, átt samræður við háskólana um menntun kennara og aðsókn í kennaranámið, og einnig við fulltrúa ráðuneytisins og sérfræðinga í Menntamálastofnun um niðurstöður úttektar á umfangi kennslu í list- og verkgreinum í grunnskólum samkvæmt námskrá. Þar kemur fram býsna dökk mynd af stöðunni og er mikilvægt að farið verði vel ofan í saumana á ástæðunum fyrir þessu,“ sagði Aðalheiður í ávarpi sínu.

Hún sagði tilgang málþingsins að leiða marga aðila til samtals um aðferðir við að efla list- og verknám í skólakerfinu og aðgerðir í því sambandi.

„Umráðan hefur staðið lengi og ekki er skortur á skýrslum og stefnum um eflingu list- og verknáms en samt hefur okkur ekki tekist sem samfélagi að setja þessi mikilvægu mál í skýran forgrunn. Oft hefur verið bent á það, þegar rætt er um menntamálin, að

styrkleikar þeirra komi meðal annars fram í kappsemi við að móta stefnu en veikar hliðar þær að erindið og úthaldið vill þrjúta þegar kemur að því að fylgja málum eftir, framkvæma og innleiða,“ sagði Aðalheiður jafnframt.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, ávarpaði þingið. Hún sagði fjölbreytni lyklatríði í skólakerfinu – nemendur yrðu að hafa val enda væri ein af ástæðum brottfalls úr skólum sú að þar ríkti einsleitni og að nemendur myndu sig ekki í námi. Ráðherra sagði list- og verkgreinar grundvöll fyrir nám af öllu tagi og þar lærðu og þroskuðu nemendur með sér skapandi hugsun, samvinnuhæfni og frumkvæði.

„Við þurfum nemendur með skapandi hugsun, samvinnuhæfni og frumkvæði. Nú er okkur tíðrætt um „fjórðu iðnyltinguna“ og sá veruleiki kallar á nýja nálgun og áherslur í menntamálum. Ég hef trú á því að efling list- og verknáms, og almennt meiri fjölbreytni í menntakerfinu muni skila okkur meiri árangri og bættara samfélagi,“ sagði Lilja Dögg Alfreðsdóttir.

Aðalfyrirlesarar á málþinginu voru Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla, Engilbert Imsland, grunnskólakennari í Hólabrekkuskóla, Michelle Sonia Horne, verkefnastjóri skapandi starfs í leikskólanum Stekkjarási, og Sigrún Grendal, formaður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Auk þeirra fluttu erindi Svanborg R. Jónsdóttir, dósent á Menntavísindasviði HÍ, Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri á skóla- og frístundasviði og Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins.



Að loknum erindum var efnt til pallborðsumræðna og á sama tíma gafst fólki kostur á að setja fram tillögur um aðgerðir og aðferðir sem gætu stuðlað að eflingu list- og verknáms á rafrænan hugmyndavegg (<https://goo.gl/YW6i13>). Nú er unnið að því að skoða og greina þær fjölmörgu hugmyndir og tillögur sem komu fram.

Hægt er að horfa á upptöku af þinginu á vefnum [www.net-samfelag.is](http://www.net-samfelag.is) (setja *nema hvað* í leit). Þá eru glærur og ýmis gögn aðgengileg undir liðnum Skólamál/ráðstefnur og fundir á vef KÍ.



# Aquabeads®

Just add water!



## Nýtt á Íslandi

Perlur sem ekki þarf að strauja,  
einungis sprauta vatni yfir og  
perlurnar límast saman.

Varmás - Skólavörur  
Markholt 2, Mosfellsbæ  
sími 566-8144



# Járnkarlar vekja athygli á starfi leikskólans

Eysteinn Sindri Elvarsson og Magnús Hilmar Felixson vilja leyfa fólki að upplifa gleðina sem er við völd í leikskól-  
anum.

Járnkarl er ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar hugsað er um leikskólakennara en í raun passar orðið vel við stéttina því það getur merkt vinnuþjarkur eða þrekmenni. Tveir nemar á meistarastigi í leikskólakennarafræði við Háskólann á Akureyri tóku höndum saman í byrjun þessa árs og lögðu af stað með verkefnið „Járnkarlarnir“ á samfélagsmiðlum. Þetta eru þeir Eysteinn Sindri Elvarsson og Magnús Hilmar Felixson, búsettir í Reykjanesbæ og á Dalvík. Þeir fjalla um leikskólastarfið á samfélagsmiðlum frá ýmsum hliðum á fjölbreyttan, lifandi og fræðandi hátt. Þeir gefa fylgjendum innsýn í störf sín þar sem fróðleikur og léttleiki eru í fyrirrúmi. Einnig taka þeir fyrir hin ýmsu viðfangsefni sem tengjast

leikskólastarfinu með það fyrir augum að vekja athygli á starfinu.

Ástæða þess að þeir Eysteinn og Magnús fóru af stað með verkefnið er að Félag leikskólakennara bauð styrk til að auka fjölda karlmannna í kennslu yngri barna. Þeim þótti upplagt að sinna slíku verkefni samhliða meistaranáminu og vildu þeir gera leikskólakennslu áhugaverða fyrir þá sem eru að velta fyrir sér framtíðar starfsmöguleikum.

## Góð viðbrögð og mikið spurt

Þeir félagar segja að viðbrögð við verkefninu hafi verið góð. Margir fylgjast með því sem þeir eru að fást við í daglegu starfi og leik á

Þeir fjalla um leikskólastarfið á samfélagsmiðlum frá ýmsum hliðum á fjölbreyttan, lifandi og fræðandi hátt.



samfélagsmiðlunum. Samfélagsmiðlar eru frábær vettvangur til að koma skilaboðum á auðveldan, þægilegan og hraðan hátt á framfæri. Þá er ánægjulegt að aðrir starfsmenn á leikskólum eru að uppgötva kennslufni sem þeir hafa sýnt frá. Einnig koma spurningar um starfið og námið sem er megingilgangur verkefnisins og sýnir aukinn áhuga á bæði starfinu og náminu.

Eysteinn og Magnús vilja leyfa fólki að gægjast inn í heim leikskólakennarans og upplifa alla þá gleði sem er þar við völd. Þeir eru þeirrar skoðunar að leikskólinn þurfi jákvæðari umfjöllun en hefur verið ráðandi hingað til. Umræðan og nýliðun í stéttinni helst í hendur og ef einu skilaboðin út í samfélagið eru neikvæð þá er ekki hægt

að ætlast til að fólk flykkist í námið. Þessu vilja þeir breyta og eru sannfærðir um að gleðin og jákvæðnin sem ríkir á leikskólum smiti út í samfélagið og hafi áhrif á aðsókn í leikskólakennaranám.

### Líflegar umræður um starfið

Verkefnið hefur verið kynnt víða. Eysteinn og Magnús hafa kynnt það og námið í leikskólakennarafræðinni á Háskóladeginum, í Háskólaherminum og á Starfamessu Akureyrar. Auk þess hafa þeir farið með kynningar í framhaldsskóla og á næsta skólaári ætla þeir að bæta í og heimsækja enn fleiri framhaldsskóla, sem og grunnskóla, og kynna leikskólastarfið fyrir nemendum.

Samfélagsmiðlar eru frábær vettvangur til að koma skilaboðum á auðveldan, þægilegan og hraðan hátt á framfæri.

Hægt er að fylgjast með Járnkörlunum á Facebook og Snapchat undir: jarnkarlarnir



Flott föt, fyrir flottar konur

belladonna

Str.  
38-58

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | [www.belladonna.is](http://www.belladonna.is)





Páll Ásgeir Torfason, Google for Education sérfræðingur, og Halldór Hrafn Jónsson, framkvæmdastjóri sölusviðs í Tölvutek. Þeir eru með eina af Acer Chromebook tölvunum sem heppinn skóli fær gefins.

# Gefa grunnskóla 25 fartölvur

Einn útvalinn skóli mun fá 25 Chromebook fartölvur að gjöf nú á vordögum, en það er Tölvutek í samstarfi við Acer sem gefur tölvurnar. Fartölvurnar nýtast bæði sem námstæki en ekki síður sem kennslutæki með tilkomu Google for Education umhverfisins sem inniheldur meðal annars hið vinsæla Classroom en það er ókeypis fyrir skóla. Classroom býr til bekkjarkerfi sem auðveldar verkefnaútdelingu og vinnslu ásamt því að auðvelda samskipti beint á milli nemenda og kennara í rauntíma, hvort sem er í verkefnavinnu eða fyrirspurn henni tengdri.

## Google í skólastarfi er vettvangur stafrænna verkfæra

Páll Ásgeir Torfason, kennari í Fellaskóla og Google sérfræðingur, hefur komið að innleiðingu Chromebook í skólum. Hann er einn fárra Google for Education viðurkenndra þjálfara á Íslandi og mun koma að því hvaða skóli verður fyrir valinu. Páll Ásgeir skrifaði

Skólar eru hvattir til að kynna sér verkefnið og sækja um á [chromebook.is](http://chromebook.is). Páll Ásgeir Torfason, kennari í Fellaskóla og Google sérfræðingur sem komið hefur að innleiðingu Chromebook í fjölda skóla og er einn fárra Google for Education viðurkenndra þjálfara á Íslandi, mun koma að því hvaða skóli verður fyrir valinu.

nýlega grein um það hvernig Google nýtist í skólastarfi en þar segir meðal annars: „Google í skólastarfi er vettvangur stafrænna verkfæra frá Google (Google Docs, Google Sheets, Google Slides o.s.fv.) sem nýtt eru til að búa til og dreifa stafrænum skjölum, auka samskipti og samvinnu í skólastarfi og tengja nemendur og kennara saman. Allt í gegnum þau verkfæri sem kerfið býður upp á. Öll gögn eru geymd í öruggu skýi og þau eru aðgengileg hvar sem er og hvenær sem er. Tölvuumhverfið byggist á umsjónarkerfinu G Suite Education sem er einskonar umgjörð í kringum Google kerfi skólans sem einnig heldur utan um notkun og notendur innan skólans.“ Hægt er að nálgast greinina í heild á [chromebook.is](http://chromebook.is).

## Lúxus útgáfan fyrir skólana

Í skólastarfinu er mikilvægt að geta fengið þjónustu varðandi nýjustu tækni og hefur Tölvutek fengið Google viðurkenninguna „Google Cloud & Education Partner“. Því er auðsótt fyrir skóla að fá aðstoð varðandi allt sem snýr að Google for Education. Allar eru tölvurnar örþunnar og léttar með rafhlöðu sem endist í allt að 12 klukkustundir án hleðslu. Það er einmitt lúxus útgáfa af þessum tölvum sem Tölvutek ætlar í samstarfi við Acer að gefa völdum skóla sem sækir um þær. Hinar nýju Acer tölvur eru með vökvaþolið lyklaborð og eru sérstaklega styrktar og höggheldar til að þola fall af skólaborði, en það er hægt að fá þær með og án 360° snúnings á skjá.






# KÍ Á INSTAGRAM

## #kennarasamband

Kennarasambandið er komið á Instagram og þar er að finna margar skemmtilegar myndir úr starfi kennarasamtakanna. Félagsmenn eru hvattir til að fylgja síðunni #kennarasamband.







# Náttúrufræðimenntun – nám fyrir grunnskólakennara

Langar þig að efla þekkingu þína og færni varðandi náttúrufræðimenntun? Við Menntavísindasvið HÍ verður í haust boðið upp á fyrsta námskeiðið í röð sex 5 eininga námskeiða fyrir starfandi grunnskólakennara, í náttúrufræðimenntun. Námskeiðin eru á meistarastigi sem stefnt er að unnt sé að ljúka með annað hvort 15 eða 30 eininga viðbótardiplómu í náttúrufræðimenntun. Möguleiki er einnig að taka einstök námskeið. Námskeiðin geta nýst sem valeiningar í meistaranámi fyrir þá sem það kjósa. Námskeiðin verða kennd í staðnámi í Reykjavík en kennarar af landsbyggðinni geta tekið námið í fjarnámi.



**Kristín Norðdahl**  
dósent við Menntavísindasvið HÍ.

## Mikilvæg starfsþróun

Námið er hugsað fyrir alla sem koma að eða hafa áhuga á náttúrufræðimenntun í grunnskóla hvort sem er á yngsta-, mið- eða unglíngastigi. Leitast verður við að námið eigi sér stað í lærdómssamfélagi kennara á sama skólastigi. Þátttakendur vinna verkefni er tengjast aldurshópi að eigin vali, og eru ýmist einstaklings-,

para- eða hópverkefni. Námið er skipulagt með skýrum tengslum við daglegt starf kennara og tengt raunverulegum viðfangsefnum starfsins. Þannig felur námið í sér ný og spennandi tækifæri til að vinna með öðrum grunnskólakennurum og kennurum á Menntavísindasviði.

Við mótun námskeiða og samsetningu námsins var stuðst við svör kennara í grunnskólum um á hvaða sviði náttúrufræðimenntunar þeir vildu auka þekkingu sína og færni. Því verður fjallað um hvernig beita megi ólíkum nálgunum og vinnubrögðum í kennslu og þá sérstaklega verklegri kennslu og nýtingu nánasta umhverfis í daglegu skólastarfi. Einnig fá kennarar tækifæri til að dýpka þekkingu sína og skilning á völdum efnisþáttum náttúrugreina.

## Markmið og hæfniviðmið

Markmið námsins er að efla starfsþróun grunnskólakennara á sviði náttúrufræðikennslu og styðja þá í að vera leiðandi í náttúrufræðimenntun í sínum skóla.

Í lok námsins ættu þátttakendur að geta:

- skipulagt verkleg viðfangsefni sem hluta



## EF NÆG ÞÁTTTAKA FÆST ER STEFNT AÐ ÞVÍ AÐ BJÓÐA EFTIRFARANDI NÁMSKEIÐ (2018 – 2020)

### Haustið 2018

#### Útikennsla og staðtengt nám (5 ECTS):

Fjallað verður um skipulag útikennslu og staðtengds náms og tekin dæmi um náttúrufræðileg viðfangsefni sem vinna má í umhverfi skóla. Fjallað verður um niðurstöður rannsókna á kostum og takmörkunum slíkrar kennslu.

### Vorið 2019

#### Verkleg viðfangsefni í eðlis- og efnafræði (5 ECTS):

Áhersla verður á mikilvægi og gildi verklegra viðfangsefna fyrir áhuga og nám nemenda í náttúrufræði. Fjallað verður um ákveðin eðlis- og efnafræðileg viðfangsefni og verkleg viðfangsefni prófuð í tengslum við þau. Rýnt verður í ólíkan tilgang verklegra athugana og sjónum einnig beint að sýndartilraunum og tölvutækni.

### Haustið 2019

#### Verkleg viðfangsefni í líf- og jarðvísindum (5 ECTS):

Áhersla verður á notkun spurnaraðferða (e. inquiry-based) í verklegri kennslu í líf- og jarðvísindum. Þátttakendur fá reynslu af margvíslegum athugunum og tilraunum sem nýtast í náttúrufræðinám nemenda.

#### Læsi á náttúrufræðitexta (5 ECTS):

Fjallað verður um læsi í náttúrufræði og rannsóknir á því. Kynntar

verða leiðir til að efla læsi á náttúrufræðitexta og sjónum beint að hugtakanámi og aðferðum tengdum lestri, ritun og umræðum.

### Vorið 2020

#### Loftslagsbreytingar og menntun (5 ECTS):

Fjallað verður um orsakir og afleiðingar loftslagsbreytinga í heiminum. Tekin verða dæmi af mengun lands og sjávar og sjónum beint að aðgerðum til að vernda náttúruna. Fjallað verður um hvernig vinna má með þessi viðfangsefni í skólalastarfi.

#### Kennsluáætlanir í ljósi aðalnámskrár (5 ECTS):

Skipulag kennslu verður skoðað heildstætt í ljósi hæfniviðmiða aðalnámskrár. Unnið verður með gerð ólíkra kennsluáætlana og námsmat byggt á hæfniviðmiðum. Í vinnu við skipulag kennslu og námsmats verður sjónum beint að orku.

### Umsóknarferli

Sótt er um námið rafrænt á vef Háskóla Íslands, [www.hi.is](http://www.hi.is). Veljið leiðina Menntunarfræði leik- og grunnskóla, viðbótardiplóma og kjörsviðið: kennslufræði og skólalastarfi. Þá eru námskeiðin Útikennsla og staðtengt nám og Verkleg viðfangsefni í eðlis- og efnafræði valin.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2018.

af kennslu um mörg svið náttúrugreina,

- rökstutt notkun nánasta umhverfis skóla í kennslu náttúrugreina,
- útskýrt mikilvægi og gildi verklegra viðfangsefna fyrir áhuga nemenda og hugtakanám í náttúrugreinum,
- skipulagt kennslu þannig að hún efla markvisst læsi nemenda á sviði náttúrugreina,
- unnið með álitamál í samfélaginu er varða umhverfismál og stuðlað að getu nemenda til aðgerða.

### Skipulag námsins

Farið verður hægt af stað og fyrsta skólaárið 2018-2019 verður eitt fimm eininga námskeið kennt að hausti og annað að vori. Skólaárið 2019-2020 er stefnt að því að kenna tvö námskeið á hverju misseri. Þannig að námið dreifist á fjögur misseri alls. Áætlað er að kennsla hefjist í fyrri hluta ágúst á haustmisseri og í byrjun janúar á vormisseri. Seinna árið eru námskeiðin kennd eitt í einu, hvert á fætur öðru og kennslustundir verða á tveggja vikna fresti á föstudagseftirmiðdögum og laugardagsmorgnum. Þannig er fyrri hluti misseris helgaður einu námskeiði og seinni hlutinn öðru. Þeir sem óska eftir að taka námið í fjarnámi þurfa að gera ráð fyrir að koma í staðlotur einu sinni til tvisvar á misseri. Leitast verður við að hafa staðloturnar utan starfstíma grunnskólanna eins og mögulegt er. Námsmat í námskeiðunum byggir á fjölbreyttum verkefnum með áherslu á samvinnu þátttakenda en ekki verða haldin lokapróf.

Ú  
ÚRVAL ÚTSÝN

**SÉRSTAFNAR FERÐIR  
UM ALLAN HEIM**  
TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGJAFI  
SÍMI 585 4000 INFO@UU.IS

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogur | 585 4000 | uu.is



„Færri námslotur, verkefnatímar, verkefnamiðað nám með áherslu á leiðsagnarmat sem Menntaskólinn á Egilsstöðum tók upp samhliða nýrri námskrá árið 2011 var spor í rétta átt,“ skrifar Björn Gísli.

# Hvað skal metið, hvenær og fyrir hvern?

*Björn Gísli Erlingsson skrifar um leiðsagnarmat og breytingar á kennsluháttum í Menntaskólanum á Egilsstöðum.*



**Björn Gísli Erlingsson**  
sögukennari í  
Menntaskólanum á  
Egilsstöðum

Árið 2011 urðu miklar breytingar á skólastarfi í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Ekki nóg með að í smíðum væri ný námskrá sem var að miklu leyti samin af kennurum skólans heldur var farið út í þrjár stórar breytingar á sama tíma. Í fyrsta lagi var önnur skipt upp í „spannir“ þannig að nú eru námsloturnar fjórar á ári í stað tveggja áður, sem þýðir að nemendur eru í þremur áföngum í einu í stað sex í annarkerfi. Í öðru lagi var kennslunni skipt upp í fagtíma og verkefnatíma þar sem nemandinn er hjá sínum fagkennara í fagtímum en í verkefnatímum vinnur hann undir stjórn yfirsetukennara. Með þessu fæst m.a. samfelld stundaskrá og verkefnamiðað nám þar sem nemandi stjórnar meira en áður áherslum sínum í náminu. Þriðja breytingin varðaði mat á námi nemandans en með meiri verkefnamiðun þótti sjálfsgagt að breyta námsmatinu og ákveðið var að taka upp svokallað leiðsagnarmat.

## Leiðsagnarmat

Á vormánuðum 2016 fóru kennarar og stjórnendur Menntaskólans á Egilsstöðum til London þar sem Christine Henderson, kennari við King's College of London, tók á móti hópnum og leiddi tveggja daga námskeið um leiðsagnarmat. Henderson er í hópi nokkurra kennara í Bretlandi sem rannsakað hafa leiðsagnarmat og skrifað greinar um efnið. Frægastir í þessum hópi eru Paul Black og Dylan Wiliam sem skrifuðu tímamótgrein árið 1989 sem ber nafnið „Inside the Black Box“, þar sem þeir gagnrýna skóla-kerfið fyrir að huga ekki nægilega að þörfum nemandans. Svar þeirra var að taka upp nýja kennsluhætti sem þeir kalla leiðsagnarmat (formative assessment) sem fólgið er í því að námsmatið komi jafnt og þétt á námstímanum en ekki í lokin sem endanlegur lokadómur. Matið verður því að verkfæri sem nýtist jafnt nemandanum sem verður með því meðvitaður



um stöðu sína í náminu og kennaranum sem getur þá lagað kennslu sína að þörfum nemandans. Bæði nemandinn og kennarinn geta út frá þessu þróað sína starfshætti til aukins árangurs.

## Helstu áherslur í leiðsagnarmati

Nokkrar helstu áherslur í leiðsagnarmati eru: sjálfs- og jafningjamat, markviss markmiðssetning, áhersla á vandaðar umsagnir í stað einkunna og afnám lokaprófa. Með sjálfs- og jafningjamati er markmiðið að nemendur skoði eigin vinnu og beri saman bækur sínar við aðra nemendur og öðlist þar með nýja sýn á lausn verkefna. Til þess að þetta sé möguleiki þarf markmiðssetning með námi að vera nákvæm og skiljanleg. Í stað einkunna er lögð áhersla á að kennarar gefi nemendum vandaða umsögn þar sem koma þarf fram hvað nemandi gerði vel og hvar hann gæti bætt sig. Þá má leiðsögnin ekki koma of seint í ferlinu, heldur þarf að koma í tæka tíð til að nemandi geti notað hana til að bæta sig. Þess vegna eru lokapróf út úr myndinni í leiðsagnarmatsleiðinni.

## Jafninga- og sjálfsmat

Reynsla mín af leiðsagnarmati er í alla staði góð. Ég hóf að fikra mig í átt til þessara kennsluhátta upp úr 2011 en eftir ferðina til London hef ég aukið þá markvisst. Sem dæmi um gagnsemi leiðsagnarmats má nefna jafningja- og sjálfsmat. Ég prófaði að láta nemendur meta ákveðin atriði í stuttri heimildaritgerð í sögu á 1. þrepi þar sem þeir skrifuðu nokkur orð um álit þeirra á jafningjamatinu í leiðarbækur sínar. Þar kom fram að flestir töldu sig hafa hagnast á jafningjamatinu, ýmist þar sem þeir sáu hvernig aðrir skrifuðu ritgerðina og/eða áttuðu sig á því hvernig mat á verkefnum fer fram og töldu sig geta notað sér það í framtíðinni.

Gildi jafningjamats kemur líka greinilega fram í sambandi við kynningar sem oft eru unnar í hópum. Með því að láta nemendur meta framlag annarra hópa þar sem þau fylgjast með og skrifa umsögn um ákveðin matsatriði verður allt annar bragur á kynningunni og nemendur vanda sig meira vitandi að samnemendur taka þátt í matinu. Þá fer einnig fram mat á hópavinnunni sjálfri þar sem nemendur rökstyðja þátt sinn og annarra í verkefninu sem leiðir oft til þess að hópmeðlimir fá

mismunandi einkunn. Þetta getur komið í veg fyrir þá togstreitu sem myndast innan hópa þar sem vinnuframlag nemenda er oft mismunandi. Eins og fram kemur hér að ofan er sjálfsmat nauðsynlegur hluti jafningamats. Sjálfsmat fær nemendur til þess að huga vel að hvers er krafist af þeim í sérhverju verkefni og meta hvernig til tókst. Sjálfsmat getur einnig verið mikilvæg skilaboð nemandans til kennarans eins og ég kem að hér á eftir.

## Umsögn í stað einkunna

Einkunnagjöf er annað sem leiðsagnarleiðin telur að geti dregið úr árangri einstakra nemenda. Þegar nemandi fær órökstudda einkunn sem er ekki í samræmi við hans væntingar fyrir verkefni sín er möguleiki á að nemandi leggi árar í bát og telji vanta upp á eigin hæfni til frekari afreka.

Nákvæm umsögn um frammistöðu nemandans þar sem fram kemur hvað hann gerði vel og leiðbeiningar um hvernig hann hefði getað náð betri árangri er sú aðferð sem leiðsagnarmatið mælir með í stað einkunnar. Hlutfall þeirra nemenda í sögu sem standast lágmarkseinkunn hefur stóru- aukist með tilkomu þessara kennsluhátta. Ástæðan fyrir því er væntanlega tvíþætt: í fyrra lagi áherslan á símat og leiðsagnarmat þar sem nemandi fær upplýsingar um stöðu sína í tæka tíð og fær leiðbeiningu um hvað hann geti gert til að bæta sig, og í öðru lagi að engin lokapróf eru lengur í sögu en lokapróf eru mörgum nemendum of þungur hjalli.

## Ekki bara þekking og skilningur

Leiðsagnarmatið eykur áherslu á aðferðina í stað efnisins. Eftir því sem ég kenni lengur verð ég alltaf sannfærðari um að þjálfun í vinnubrögðum sé ekki síður mikilvæg en þekkingin og skilningurinn. Eitt mikilvægt atriði sem leiðsagnarmatið kennir er að nemendur stundi sjálfsskoðun í námi sínu. Leiðarbækur, sem eins konar utanumhald um nám nemandans, eru góður vettvangur til þess að leiða í ljós sýn nemandans á nám sitt og kannski ekki síður á kennslu kennarans. Niðurstaðan úr þeirri sjálfsskoðun leiðir í ljós að nemendur eru misjafnir og það sem hentar einum er ekki endilega fyrir alla. Umsagnir nemenda hafa til dæmis hægt á þeirri viðleitni minni að segja alveg skilið við fyrirlesturinn í kennslu

**Sjálfsmat fær nemendur til þess að huga vel að hvers er krafist af þeim í sérhverju verkefni og meta hvernig til tókst.**

þar sem sú kennsluáðferð hlýtur góða dóma margra nemenda. Annað dæmi úr þessari sjálfskoðun nemenda er að í ljós kemur að með því að gera nemendum vel grein fyrir markmiðum með hópavinnu virðast þeir margir hverjir læra að meta hópastarf betur sem kennsluáðferð.

Hópavinna er að mínu mati einhver vandasamasta en aftur á móti gagnlegasta kennsluáðferðin. Vandasamast við hana er oft matið; hvað á að meta og hversu mikið á hver þáttur að vega? Það er kannski einmitt spurning hvort kennarar ofmeti ekki efnislega þáttinn í hópastarfi en vanmeti aftur á móti leikniþáttinn. Samkvæmt miðlægri námskrá vegur leikniþátturinn ekki minna en þekkingar- og skilningsþátturinn. Með leiðsagnarmatinu fær leikniþátturinn aukið vægi í kennslunni sem ætti að færa nemendur nær lokamarkmiðinu, þ.e. ákveðinni hæfni.

Færri námslotur, verkefnatímar, verkefnaþáttur nám með áherslu á leiðsagnarmat sem Menntaskólinn á Egilsstöðum tók upp samhliða nýrri námskrá árið 2011 var spor í rétta átt. Þessir kennsluhættir setja nám nemandans í aðalhlutverk þar sem hann getur nú einbeitt sér að þremur fögum í stað sex áður, hann getur stjórnað tíma sínum þannig að mestur tími fari í það fag sem hann þarf mest á að halda og fær reglulega leiðbeiningar frá kennaranum um stöðu sína með leiðsagnarmati.

# ELSKAR BJARTAR ÍSLENSKAR SUMARNÆTUR

Sveinlaug Sigurðardóttir tekur brátt sæti í stjórn Félags leikskólakennara. Hún hefur átt sæti í skólamálanefnd FL um árabil. Sveinlaug segir starf sitt sem leikskólakennari alveg dásamlega skemmtilegt.

**HVER:** Ég er 36 ára leikskólakennari og starfa eingöngu við útikennslu. Hef verið í Skólamálanefnd FL undanfarin ár en mun setjast í stjórn FL núna í vor.

**Hver eru helstu verkefni fram undan í málefnum leikskólans?** FL verður með aðalfund í maí 2018 og undirbúningur undir þann fund er í fullum gangi þessa dagana. Þar verður lögð áhersla á umræður um frjálsa leikinn og mikilvægi hans í leikskólastarfi. Þar mun ný stjórn FL taka við og verða verkefni fram undan bæði ögrandi og skemmtileg. Það sem borið hefur hæst í umræðum um leikskólamál undanfarið eru starfsaðstæður í leikskólum og það er ærið verkefni að vinna að breytingum til hins betra í þeim málum.

**Hvað hefur borið hæst í þínu starfi í vetur?** Starfið mitt sem leikskólakennari við útikennslu er alltaf svo dásamlega skemmtilegt að það er erfitt að velja úr. En ætli standi ekki upp úr sú frábæra tilfinning að sjá börnin sökkva sér í frjálsan leik úti í náttúrunni, skoða, rannsaka og læra í gegnum leikinn.

**Hvernig leggst sumarið í þig?** Sumarið leggst mjög vel í mig, eins og alltaf. Ég elska bjartar íslenskar sumarnætur og get ekki beðið eftir að njóta þeirra.

**Ættarðu að ganga á fjall eða liggja á strönd í sumar?** Ég stunda ströndina og sjóinn í Nauthólsvík allan ársins hring og mun halda því áfram í sumar eins og alltaf. En fjöll eru í miklu uppáhaldi líka svo ætli ég geri ekki sitt lítið af hvoru.

**Ertu í klúbbi?** Nei...eða hvað...er í vinkonuhópum...Eru það ekki nokkurs konar klúbbar?



**Hvaða bók er á náttborðinu?** Ég er að lesa Himnaríki og helvíti – þrileikinn eftir Jón Kalman.

**Hvert var uppáhaldsfagið þitt í grunnskóla?** Samfélagsfræði minnir mig.

**Draumagestir í kvöldverðarboði?** Æskuvinirnir.

**Hvað gerirðu á laugardagsmorgnum?** Sef. Og kúri uppi í rúmi.

**Hvaða sjónvarpsþáttur hefur heillað þig í vetur?** Call the midwife – algjörlega dásamlegir þættir sem ná öllum tilfinningaskalanum. Hef bæði hlegið og grátið yfir þeim.

**Ef þú mættir taka íslensku þjóðina í kennslustund hvað myndirðu kenna?** Núvitund. Og nægjusemi. Úti í náttúrunni.

**Hvað er best í heimi?** Ástmaðurinn minn.

**Facebook eða Twitter?** Twitter er hnyttnara en ég nota Facebook miklu meira.



Skólinn

Raddir

Fréttir

Málfrður

Viðtöl



Fréttir

## Læsi er samvinnuverkefni heimila og skóla

Læsi er langtíma verkefni og foreldrar gegna þar lykilhlutverki. Strax í fyrsta bekk er mikill munur á færni barna í læsi og líklegast er að sá munur muni frekar aukast en dragast saman. Þetta er meðal þess sem kom fram á fundi í Háskóla Íslands sem bar yfirskriftina Hvernig má styðja við læsi heima? og er hluti af fundarröðinni Best fyrir börnin. Á fundinum ...

Lesið frett

## Stutt



### Besti kennarinn

Textil- og myndmenntakennarinn, Andria Zafirakou, hefur verið valin besti kennari heims.

Lesið frett




Jón Jónsson hvetur grunnskólanemendur áfram



Hvað viltu vita um árið 1918?

# SKÓLAVARÐAN ER Á VEFNUM skolavardan.is

## NÝJAR LÉTTLESTRARBÆKUR FRÁ ÓÐINSAUGA



Kennarinn.is hefur útbúið litla verkefnapakka við nýju léttlestrarbækurnar. Þeir eru settir upp í takt við áherslur í íslensku í fyrstu bekkjum grunnskóla og aðferðafræði Byrjendalæsis. Hver verkefnapakki samanstendur af fjórum blaðsíðum og leiðbeiningum fyrir kennara.


Sjáið fleiri bækur frá Óðinsauga á [www.facebook.com/odinsauga/](http://www.facebook.com/odinsauga/)

M.v. bekkjarsett, 15 bækur eða fleiri, eru léttlestrarbækurnar á tilboðsverði 790 kr. stk. Pantanir sendist á tölvupóstfang: [pantanir@odinsauga.com](mailto:pantanir@odinsauga.com).




Óðinsauga

## Krossgáta



## Lausn krossgátu



### Lárétt

1. Eyja á Skjálfanda. (6)
4. Allir slagir í bridds. (6)
7. Spænskt sjálfstjórnarhérað, höfuðborg Pamplona. (7)
11. Furðuskepna, táknmynd Skotlands á skjaldarmerki Stóra-Bretlands. (12)
12. \_\_\_\_\_, Herdís, Inga Rún og Linda Björk mynduðu hljómsveitina Grýlurnar. (10)
13. Tónskáld sem samdi tónlist við texta Gilberts. (8)
14. Hávaxnasta hundakyn í heimi. (8)
16. Sigdalur norður af Kröflu. (9)
18. Hérað sem er bæði á Írlandi og Norður-Írlandi. (6)
20. Kirkjustaður í Breiðdal þar sem „Nóttin var sú ágæt ein“ var líklega samin. (8)
22. Land í Austur-Afríku sem öðlaðist sjálfstæði árið 1991. (7)
23. Latneskur frasi notaður yfir óvelkomna diplómata, jafngildir frávisun úr landi eða banni við að koma til lands. (7,3,5)
26. Ljóð ort til Eiríks blóðaxar. (10)
27. Fallháttur í íslensku sem getur ekki fallbeygst. (10)
29. Maður sem var m.a. kvæntur Övu Gardner og Miú Farrow. (7)
31. Rumex acetosa sem líkist mjög hundasúru. (7)

34. Belgískur teiknimyndasöguhöfundur sem samdi Lukku Láka. (6)
36. Lengsta á Evrópu. (5)
37. Tegund af járnrikum leir. (10)
38. Lygn streymir \_\_\_\_\_, fimm binda skáldverk eftir Sjolokov. (3)
39. Safn stofnað 1978 til að varðveita list SÚM hópsins en er nú líka sýningarrými. (13)
40. Maður af þjóð sem varð til undir stjórn Væringja. (5)
41. Vatnsfall sem rennur úr stöðuvatni. (9)
42. \_\_\_\_\_ Blyton, breskur barnabókahöfundur sem samdi m.a. Dularfullu og Ævintýrabækurnar. (4)

### Lóðrétt

1. Kvikmyndapersóna sem var nefnd eftir herforingjanum Nathan Bedford Forrest. (7,4)
2. Að snúast frá réttri trú. (9)
3. Fyrsti maðurinn í geimnum (ensk stafsetning) (4,7)
4. Blanda hveitis, vatns og náttúrulegra mjólkursýrugerla og gers. (7)
5. Efni notað við svæfingar áður en klóróform var tekið upp. (4)
6. Bænarnum múslima. (9)
7. Land sem heitir á eigin máli Choson Minjujuui Inmin Konghwaguk. (6,5)

8. \_\_\_\_\_ í farangrinum, bók eftir Hemingway. (6)
9. Faðir Göngu-Hrólfs og fyrsti Orkneyjarjarlinn. (10)
10. Nes milli Hvalfjarðar og Leirávoga. (7)
15. Dýr af tegundinni Orchinus orca. (11)
17. Fimleikatæki, ólíkt í kvenna- og karla-keppni þrátt fyrir að bera sama nafnið. (8)
19. Sjófugl sem verpir einvörðungu í Vestmannaeyjum. (7)
20. Stafróf notað í Suður-Kóreu. (6)
21. Borg sem hét Batavia á nýlendutímanum. (7)
24. Hugtak yfir orðtök, talshætti, fastar líkingar og fleyg orð. (11)
25. Glitrandi kristalsteinn notaður í skartgripi, kenndur við á í Þýskalandi. (11)
26. \_\_\_\_\_ Dala-Kollsson, faðir Ólafs Pá. (9)
28. Fugl sem söng fyrir kínverska keisarann. (9)
30. Kona af ímynduðum þjóðflokki sem Wonder Woman tilheyrir. (7)
32. Afkvæmi refs og kattarlæðu. (7)
33. Eind sem er með aðeins minni massa en nifteind. (7)
35. Óvættur sem Gestur sonur Bárðar Snæfellsáss barðist við. (6)
36. Pláneta sem snýst réttssælis um möttul sinn. (5)



# LSR Kynningar – og fræðslufundir um lífeyrismál í maí 2018



**28. maí fyrir sjóðfélaga í B-deild**

**29. maí fyrir sjóðfélaga í A-deild**

**30. maí fyrir sjóðfélaga sem eiga réttindi í A- og B-deild**

Hægt er að velja um tvær tímasetningar, kl. 8:30-10:00 eða kl. 16:30-18:00.

Sjóðfélagar eru beðnir um að skrá sig á fundinn með því að hringja í síma 510 6100 eða með því að senda tölvupóst á netfangið [lshr@lsr.is](mailto:lshr@lsr.is) og tilgreina nafn, kennitölu og val á tímasetningu.

Fundirnir verða haldnir í húsnæði LSR að Engjateigi 11.



**LSR**

Lífeyrissjóður  
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11  
105 Reykjavík  
Sími: 510 6100  
[lshr@lsr.is](mailto:lshr@lsr.is)

[www.lsr.is](http://www.lsr.is)



# Apple iPad

STYÐUR NÚNA APPLE PENCIL



Apple iPad

Apple iPad Pro

Epli veur athygli á að hægt er að fá niðurgreidd námskeið fyrir kennara þegar keyptir eru 25 iPadar eða fleiri. Reynslumiklir kennarar kenna námskeiðin en þeir hafa allir fengið vottun frá Apple.

Námskeiðin eru af margvíslegum toga og snerta á öllu því sem viðkemur notkun iPada í skólastarfi á öllum skólastigum. Lögð er áhersla á að kennarar öðlist þekkingu sem nýtist vel í starfi.

#### Dæmi um námskeið:

iPad og lykillæfni  
iPad í vísindum  
iPad í tungumálum  
iPad í samþættu námi  
iPad grunnur (læra og miðla)

iPad sem margmiðlunartæki  
iPad og podcasting/hljóðfrásögn  
iPad á yngsta stigi  
iPad og forritun  
iPad - Að kenna með iPad

Laugavegi 182 og Smáralind  
Sími 512 1300 · [epli.is](http://epli.is)

